



Greiningardeild Arion banka

---

# Íslenskur sjávarútvegur

**I. hluti** – Þróun undirstöðuáttvinnugreinar Íslands

**II. hluti** – Möguleg áhrif nýrrar fiskveiðilöggjafar

### *Höfundur*

Kristrún M. Frostadóttir  
Hagfræðingur  
Greiningardeild Arion banka  
Netfang: kristrun.frostadottir@arionbanki.is  
Beinn sími: 444-6911

### *Ábyrgðarmaður*

Ásdís Kristjánsdóttir  
Netfang: asdis.kristjansdottir@arionbanki.is

### **Fyrirvari**

Efni og innihald þessarar útgáfu er unnið af starfsmönnum Greiningardeildar Arion banka hf. Greiningardeild styðst þar við upplýsinga- og fréttaveitur, innlendar og erlendar, sem hún telur áreiðanlegar ásamt eigin úrvinnslu og mati á opinberum upplýsingum. Arion banki hf. tekur hvorki ábyrgð á nákvæmni upplýsinganna né viðskiptum sem byggð eru á þeim. Í því sambandi er bent á að umfjöllun greiningardeildar getur verið stytta útgáfa viðameiri greininga og rannsókna og forsendur á fjármálamörkuðum breytast ört. Ráðgjöf og spár greiningardeildar geta því breyst án fyrirvara en þær endurspeglar skoðanir starfsmanna greiningardeildar á þeim tíma sem þær eru settar fram. Þeim sem hafa hug á viðskiptum er bent á að hafa samband við sérfræðinga Arion banka hf. áður en ákvörðun er tekin.

## Samantekt

Sjávarútvegurinn hefur verið ein af undirstöðum íslensks hagkerfis í marga áratugi. Greinin hefur að meðaltali lagt um 12% til landsframleiðslu Íslands á ári hverju, 25% ef tekið er mið af framleiðslu hins svokallaða sjávarklasa, og benda rannsóknir til þess að ef tekið er tillit til afleiddra starfa af sjávarútvegi þá skapi greinin um 15% starfa á Íslandi. Lengi vel voru sjávarafurðir ein helsta útflutningsvara Íslendinga og nam útflutningur á fiski um helmingi af heildarútflutningsverðmæti um síðustu aldamót. Hlutfallið lækkaði þegar leið á áratuginn og í dag eru sjávarafurðir um fjórðungur af útflutningsverðmæti Íslendinga.

Frá innleiðingu kvótakerfisins, um miðjan níunda áratuginn, hefur arðsemi í sjávarútvegi aukist, en fyrir þann tíma var atvinnugreinin að jafnaði rekin með tapi. Samkeppni jókst innan greinarinnar samhliða því sem að aðgangur að fiskveiðiauðlindinni var takmarkaður en í kjölfarið hefur hagkvæmni í rekstri og samþjöppun sjávarútvegsfyrirtækja stóraukist. Stærstu<sup>1</sup> fyrirtækin í sjávarútvegi eru í dag handhafar rúmlega 70% fiskveiðikvótans og hefur framlag þeirra til heildararðsemi sjávarútvegs farið hækkandi og er í dag um rúmlega 80% af heildararðsemi greinarinnar. Með samþættingu veiða og vinnslu hefur tekist að hagræða í rekstri. Mörg þessara fyrirtækja sjá um alla virðiskeðjuna, veiðar, vinnslu, markaðsetningu og sölu afurðanna.

Þegar nýju fiskveiðistjórnunarkerfi var komið á legg fyrir tæpum þremur áratugum fylgdi í kjölfarið aukin samþjöppun í sjávarútvegi og þar með minni fjárfesting. Offjárfesting í skipum og öðrum rekstrarfjármunum hafði löngum komið í veg fyrir aukna hagræðingu í greininni. Sóknarstýring, sem var beitt áður en núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi var komið á, fól í sér að veiði var leyfð á ákveðnum dögum og að jafnaði var þá allt lagt í sölurnar til að fá sinn skerf af auðlindinni innan hins takmarkaða tímaramma.

Samhliða aukinni markaðsvæðingu í sjávarútvegi, eftir að núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi var komið á fót, hefur skuldsetning aukist í greininni sem og fjárfesting sjávarútvegsfyrirtækja utan greinarinnar. Sjávarútvegurinn hefur sætt mikilli gagnrýni vegna þessarar þróunar. Í því samhengi er mikilvægt að benda á að sjávarútvegsfyrirtækjum eru skorður settar þegar kemur að vexti innan greinarinnar þar sem fiskistofnar eru takmörkuð auðlind. Aukin arðsemi í kjölfar hagræðingar hefur því stundum verið nýtt til nýrra fjárfestinga utan greinarinnar. Mörg sjávarútvegsfyrirtæki eru hins vegar mikið skuldsett, og hafa átt erfitt með að standa undir afborgunum lána. Eitt er þó víst, að ekki er hægt að skipa öllum íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum í sama flokk þegar kemur að arðsemi og skuldsetningu.

Umfangsmiklar breytingar hafa verið boðaðar á fiskveiðistjórnunarkerfinu. Þær hafa leitt til mikillar óvissu um rekstrarhorfur í sjávarútvegi. Í byrjun júní 2011 voru fyrstu skrefin tekin þegar Alþingi samþykkti lög um breytingar á núverandi lögum um stjórn fiskveiða, eða hið svokallaða litla frumvarp (lög nr. 70/2011). Stærra frumvarp um fiskveiðistjórnunarkerfið (þingskjal 1475), sem gæti falið í sér allsherjar umbreytingu á kerfinu, verður tekið fyrir á Alþingi nú í haust. Hugmyndin með nýrri fiskveiðilöggjöf er að auðvelda nýliðun í sjávarútvegi og styðja betur við bakið á einstökum byggðarlögum. Þetta á m.a. að gera með sanngjarnari dreifingu í hina ýmsu hluta (potta) sem síðan á að endurúthluta til byggðarlaga sem hafa átt erfitt uppdráttar, t.d. vegna breyttrar fiskveiðistjórnunar eða sökum lélegra aflabragða. Þá á að stofna leiguhluta sem á að

<sup>1</sup> 18 stærstu fyrirtækin, þ.e. fyrirtæki með mestu aflahlutdeildina.

auðvelda nýliðum aðgang að aflamarki. Framsal aflaheimilda og bann við veðsetningu kvóta með óbeinum hætti, sem lagt er fram í frumvarpinu, á að hindra að aflaheimildir falli í hendur aðila sem stunda ekki sjálfir veiðar og koma í veg fyrir að fyrirtæki stofni til óhóflegra skulda.

Að mati greiningardeildar er þó varhugavert að ráðast í jafnmikla uppstokkun á fiskveiðistjórnunarkerfinu og fyrirhugað frumvarp leggur til. Ekki getur talist ásættanlegt fyrir jafn fjármagnsfreka grein og sjávarútveg að búa við þá óvissu sem frumvarpinu fylgir náí það fram að ganga í óbreyttri mynd. Samningar um afnotarétt til ekki lengri tíma en frumvarpið gerir ráð fyrir<sup>2</sup> og það að ráðherra áskilji sér þann rétt að breyta fyrirkomulagi veiðanna á samningstímanum gætu haft veruleg áhrif á framtíðaráform, fjárfestingar og rekstur fyrirtækja sem starfa í greininni. Þar að auki eru margar af tillögðum breytingum frumvarpsins til þess fallnar að draga úr hagkvæmni fiskveiðistjórnunarkerfisins. Aukin gjaldtaka<sup>3</sup> leggst einnig misþungt á útgerðir, bæði eftir stærð<sup>4</sup> fyrirtækjanna og hvers konar veiðar þau stunda<sup>5</sup>.

Framlag sjávarútvegs til landsframleiðslu hefur aukist á síðustu árum en greinin féll e.t.v. í skugga annarra atvinnugreina, svo sem fjármálamarkaðarins, á tíunda áratug síðustu aldar. Þróun síðustu tveggja ára gæti verið til merkis um viðsnúning á stöðu sjávarútvegs innan íslensks samfélags eftir breyttar aðstæður í kjölfar bankahrunsins haustið 2008. Sjávarútvegur gegnir veigamiklu hlutverki á Íslandi en tekjur úr sjávarútvegi hafa numið um 15% af landsframleiðslu á síðustu árum. Í öðrum löndum, s.s. Noregi og í löndum Evrópusambandsins, er tæpast hægt að kalla sjávarútveginn undirstöðuatvinnugrein þar sem hlutfall tekna úr sjávarútvegi af landsframleiðslu í þeim löndum er óverulegt. Þessi atvinnugrein er því Íslendingum mjög mikilvæg. Innan ESB, og í Noregi, hefur hlutverk sjávarútvegsins fyrst og fremst verið að skapa atvinnu, fremur en að áhersla hafi verið lögð á sjálfstæði atvinnugreinarinnar og aukna arðsemi. Á Íslandi gegnir sjávarútvegurinn hins vegar stóru hlutverki á báðum vígstöðum, á vinnumarkaði og með framlagi sínu til landsframleiðslu.

<sup>2</sup> Í tillögðu frumvarpi er g.r.f. að nýtingarsamningar verði gerðir við útgerðir til 15 ára, með möguleika á 8 ára framlengingu.

<sup>3</sup> Hækka á núverandi veiðigjald í 19% af EBITDA (framlegð) sjávarútvegs. Í nýsamþykktum lögum um breytingar á núverandi stjórn fiskveiða var gjaldið hækkað úr 9,5% í 13,3%.

<sup>4</sup> Minnstu fyrirtækin eru meira skuldsett en þau stærri.

<sup>5</sup> Talsverður munur getur verið á kostnaði við veiðar, en uppsjávarveiðar eru t.a.m. kostnaðarsamari en botnfiskveiðar.



---

## Efnisyfirlit – I. hluti


|  |    |
|--|----|
| Íslenska fiskveiðistjórnunarkerfið.....                        | 4  |
| Þróun kerfisins og afli á Íslandsmiðum .....                   | 4  |
| Störf í sjávarútvegi.....                                      | 6  |
| Úthlutaður kvóti eftir landshlutum .....                       | 7  |
| Útflutningur & framlag sjávarútvegs til landsframleiðslu ..... | 11 |
| Fjármunamyndun samhliða aukinni samþjöppun.....                | 13 |
| Stærstu fyrirtækin .....                                       | 15 |
| Arðsemi & skuldir í sjávarútvegi .....                         | 16 |
| Skuldastaða minni & stærri fyrirtækja.....                     | 18 |
| Fjárfestingar - fyrir & eftir eignaverðshækkanir .....         | 20 |
| Ráðstöfun fjármagns.....                                       | 24 |
| Framlag sjávarútvegs til ríkissjóðs .....                      | 26 |
| Veiðigjald .....   | 26 |
| Auðlindarentan .....   | 27 |
| Skattgreiðslur sjávarútvegs .....                              | 29 |
| Umhverfis- og auðlindaskattur.....                             | 29 |
| Tekju- og eignaskattur .....                                   | 29 |
| Sjávarútvegur og aðrar greinar .....                           | 31 |
| Samanburður á íslenskum & erlendum sjávarútvegi .....          | 33 |
| Ísland & ESB .....   | 33 |
| Ísland & Noregur.....  | 35 |
| Afli við Íslandsstrendur og heimsaflinn .....                  | 36 |

## Íslenska fiskveiðistjórnunarkerfið

### Þróun kerfisins og afli á Íslandsmiðum

Við upphaf 20. aldarinnar lýstu Íslendingar yfir þriggja sjómílna landhelgi. Hálfri öld síðar, árið 1952 var landhelgin aukin um eina sjómílu. Fljótlega varð ljóst að margir fiskveiðistofnar við strendur landsins voru undir miklu álagi vegna veiða erlendra skipa. Hörð barátta Íslendinga fyrir yfirráðum yfir fiskimiðum sínum skilaði sér í stækkandi landhelgi, sem var færð út í 12 sjómílur árið 1958 og 50 sjómílur árið 1972. Barátta Íslendinga á alþjóðavettvangi fyrir rétti strandþjóða yfir fiskimiðum sínum skilaði sér loks að fullu árið 1976 þegar íslenska fiskveiðilandhelgin var færð út í 200 sjómílur. Útfærslur íslensku fiskveiðilandhelginnar áttu sér þó ekki stað mótstöðulaust, samanber þorskastríð síðustu aldar, en deilurnar voru leystar formlega með alþjóðlegum samningum.

Eftir stækkun landhelginnar í 200 sjómílur á miðjum áttunda áratugnum voru settar nýjar reglur í sjávarútvegi um meðferð afla, fiskvinnslu og umgengni við nytjastofna. Síðan þá hafa ákvarðanir um heildarafla fyrst og fremst byggst á ráðgjöf fiskifræðinga. Fyrstu takmarkanir á afla voru á humri, rækju og hörpuðiski á árunum 1973-1974 og ári síðar var skipum úthlutað aflamarki í síld. Í byrjun níunda áratugarins hófst úthlutun aflamarks á einstök skip til loðnuveiða.




Mynd 1  
Heimild: Hagstofa Íslands

Eftir ítrekaðar viðvaranir Hafrannsóknarstofnunar á áttunda áratugnum, vegna minnkandi þorskstofns, komst skrið á umræðu um takmarkanir á heildarafla og veiðar á botnfiski. Í kjölfarið var gripið til sóknartakmarkana og svokölluðu skrapdagakerfi komið á. Núverandi kvótakerfi var síðan komið á fót árið 1984 þegar úthlutun aflamarks í botnfiski til skipa hófst. Hlutdeild í heildarafla landsmanna var skipt á skip miðað við aflareynslu þeirra síðustu þrjú árin fyrir tilkomu kerfisins. Ári síðar var sóknarmarkskerfi komið á í botnfiskveiðum en þeim útgerðum sem kusu það fremur en aflamarkskerfið var leyft að starfa samkvæmt fyrirkomulaginu. Heildstæð lög um stjórn fiskveiða voru þó ekki sett fyrir en í byrjun tíunda áratugarins. Samkvæmt lögnum ræðst kvóti skips á hverju fiskveiðiári af leyfum heildarafla í einstökum tegundum og hlutdeild skipsins í heildaraflanum. Árið 1991 var framsal aflaheimilda leyft.<sup>6</sup>

<sup>6</sup> Sjávarútvegsráðuneytið (2011a)

Skynsamleg fiskveiðistjórnun er mikilvæg fyrir sjávarútveginn sem og þjóðarbúið í heild. Fiskveiðar geta verið afar ábatasamar en nauðsynlegt er að stuðla að ákveðnu jafnvægi svo að vaxtargeta stofnanna skerðist ekki til lengri tíma. Hámarksafli hefur verið skilgreindur lengi vel en þegar núverandi kvótakerfi var komið á var markmiðið fyrst og fremst að auka hagkvæmni og arðsemi veiðanna, um leið og mögulegt var að koma í veg fyrir ofveiði.

Í dag nemur heildarafli um 1.100 þúsund tonnum en heildarafli á Íslandsmiðum síðastliðin 50 ár hefur að meðaltali verið rúmlega 1.300 þúsund tonn á ári. Aukin uppsjávarveiði hefur oft á tíðum leitt til aukningar í heildarafla, en loðnuafli fór minnkandi upp úr aldamótunum. Á sjöunda áratugnum jókst síldarveiði og mikil aukning varð í loðnuveiði á áttunda, níunda og tíunda áratugnum, ef frá eru talin árin 1981 og 1991.




Mynd 2  
Heimild: Hagstofa Íslands & Greiningardeild Arion banka

Aflaverðmæti mælt í krónum hélt tiltölulega stöðugt á árunum 1997-2007. Á síðustu þremur árum hefur aflaverðmæti þó hækkað talsvert en það mældist 133 ma. kr. árið 2010. Aflaverðmæti miðast við verðmæti fisksins upp úr sjó og ræðst m.a. af framboði sem hefur áhrif á meðalverð fisks á innlendum markaði. Afli hefur dregist saman á síðustu árum eins og sjá má á mynd 1, og hefur í raun farið minnkandi síðan um aldamótin, ef frá er talin aukning í loðnuafli árið 2007 sem hafði áhrif á heildarafla í tonnum talið. Á sama tíma hafa þorskígildi helstu botnfisktegunda hækkað talsvert, sem þýðir að markaðsverð á fiski hefur hækkað mikið. Þetta skýrir aukið aflaverðmæti síðustu ára þrátt fyrir minni heildarafla.

Þó að stærsti hluti aflans skili sér til vinnslu innanlands þá er aflaverðmæti þess fisks sem fluttur er óunninn úr landi mun herra en verðmæti fisksins sem unninn er hérlendis. Þetta sést glögglega á mynd 3 en ljóst er að verðmæti útflutts afla til vinnslu er talsvert stærra hlutfall af heildarverðmæti en hlutur þess afla í heildarafla í tonnum talið. Ástæðan er sú að verðmætustu fisktegundirnar hafa verið fluttar út til vinnslu erlendis á undanförunum árum, t.a.m. þorskur, ýsa og karfi.






Mynd 3  
Heimild: Hagstofa Íslands

## Störf í sjávarútvegi

Hlutfall starfa í sjávarútvegi af heildarstörfum á Íslandi hefur farið minnkandi á síðustu áratugum. Tæplega 12% þjóðarinnar störfuðu við sjávarútveg árið 1994 en lægst fór hlutfallið í 4% árið 2008. Síðan þá hefur störfum í sjávarútvegi fjölgað á ný og í dag eru um 8.600 manns starfandi í greininni, eða rúmlega 5% af heildarvinnuafli. Flest starfanna eru utan höfuðborgarsvæðisins, en milli 80% og 90% af þeim sem starfa í greininni eru búsettir á landsbyggðinni. Hlutfallið hefur lítið breyst á síðustu 30 árum.



Mynd 4  
Heimild: Hagstofa Íslands

Nýleg rannsókn<sup>7</sup> á óbeinu framlagi sjávarútvegs til atvinnusköpunar bendir hins vegar til þess að mun fleiri störf megi flokka til starfsemi sjávarútvegsins en tölur um starfandi í greininni gefa til kynna. Þá er tekið tillit til þess hve stór hluti starfandi fólks starfi innan hins svokallaða sjávarútvegsklasa.

<sup>7</sup> Linda (2011)




Mynd 5  
Heimild: Linda (2011)

Niðurstöður fyrrnefndrar rannsóknar benda til þess að sjávarútvegsklasinn skapi um 15% af störfum íslenska hagkerfisins, en beint framlag sjávarútvegs til atvinnusköpunar er, sem áður sagði, metið um 5%. Þær atvinnugreinar sem tilheyra sjávarútvegsklasanum og skapa óbeint flest störf í sjávarútvegi eru m.a. opinber stjórnsýsla, verslun, viðgerðarþjónusta og iðnaður.

## Úthlutaður kvóti eftir landshlutum

Útgerðir á Norðurlandi eystra hafa verið handhafar stærsta hluta fiskveiðikvótans á síðustu 20 árum, en um og yfir 20% aflahlutdeilda hefur árlega verið úthlutað til landshlutans allt frá því að framsal aflaheimilda var leyft árið 1991. Nýjustu tölur frá Fiskistofu um úthlutað aflamark sýna hins vegar að fiskveiðiárið 2010/2011 hlaut höfuðborgarsvæðið í fyrsta sinn meirihluta úthlutaðs aflamarks.




Mynd 6  
Heimild: Fiskistofa

Hér ber þó að vekja athygli á því að mörg sjávarútvegsfyrirtæki eru með starfsemi víðsvegar um landið og því segir úthlutað aflamark eftir landshlutum ekki alla söguna. Fyrirvara þarf að hafa á því hvernig verðmæti aflans skiptist eftir landshlutum út frá úthlutaðu aflamarki. Fiski er oft landað og hann unninn í öðrum landshluta en þar sem aflamarkinu var úthlutað. Stór hluti aflaverðmætis getur því runnið til annarra landshluta en þess þar sem aflanum var upphaflega úthlutað. Það er því ekki sjálfgefið að öll arðsemin af starfseminni renni til þess landshluta sem fékk aflanum úthlutað. Stærstu útgerðir sem gera út togara eru t.a.m. ekki jafnháðar því hvar fiskurinn veiðist og minni útgerðir sem geta oft á tíðum einungis sótt sjó frá þeim landshluta þar sem þær eru skráðar. Stærri útgerðir eru því sveigjanlegri þegar kemur að veiðum og vinnslu og hefur samþjöppun í sjávarútvegi á síðustu árum því skilað aukinni arðsemi, eins og síðar verður vikið að. Stærri útgerðir skapa gjarnan störf víða um landið og telja sig því starfa á landsvísu frekar en innan ákveðins héraðs.


Því er ljóst að um einföldun er að ræða þegar skipting aflaúthlutunar eftir landshlutum er skoðuð. Vel rekið og arðsamt fyrirtæki skilar þó óneitanlega miklum verðmætum til þess landshluta sem það starfar í, m.a. í formi skattgreiðslna, og gefur þessi skipting því grófa mynd af því hvernig afraksturinn skiptist.

### Aflaheimildir eftir landshlutum



Mynd 7  
Heimild: Fiskistofa

### Uppsjávarfiskur




Mynd 8

Heimild: Fiskistofa

Heildaraflinn samanstendur af botn- og uppsjávarfiski en um 80% af afla íslenskra útgerða er botnfiskur. Á Austurlandi er uppsjávarfiskur um helmingur af heildarafla landsfjórðungsins en um þriðjungur afla útgerða á Suðurlandi og Norðurlandi eystra. Uppsjávarveiðar eru lítið sem ekkert stundaðar af útgerðum á Vestfjörðum, Reykjanesi og Norðurlandi vestra.

### Skipting botn - og uppsjávarfisks



Mynd 9


Heimild: Fiskistofa

Þegar núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi var skipulagt var aflahlutdeild í heildarafla skipt á skip eftir veiðireynslu þeirra. Eftir 1991 var framsal aflaheimilda leyft, sem gerði útgerðum kleift að kaupa og selja aflaheimildir óháð veiðireynslu. Erfitt er að áætla hversu stór hluti aflahlutdeildar hefur skipt um hendur hér á landi, en það þykir ljóst að lítill hluti aflahlutdeildar er enn í eigu þeirra sem fengu úthlutað í upphafi<sup>8</sup>. Sú mikla

<sup>8</sup> Sérfræðihópur (2011)

samþjöppun sem hefur átt sér stað í sjávarútvegi á undanförunum 30 árum er afleiðing þessarar þróunar.


Á mynd 10 má sjá hvernig hlutfall landshlutanna í heildarkvóta hefur breyst frá því að framsal aflaheimilda var leyft. Útgerðir skráðar á höfuðborgarsvæðinu hafa aukið mikið við sig á síðustu árum, sem og útgerðir á Reykjanesi. Þá hefur orðið aukning í aflaheimildum fyrirtækja á Vesturlandi og lítilla á Norðurlandi vestra. Nær stöðugur samdráttur aflaheimilda hefur þó verið á Vestfjörðum á síðustu þremur áratugum, ef undanskilin er aukning síðustu tveggja til þriggja ára. Útgerðir á Austurlandi hafa misst miklar heimildir nýlega og dregið hefur úr kvóta fyrirtækja á Norðurlandi eystra frá því að hlutdeild þeirra náði hámarki fyrir um einum og hálfum áratug. Aukin samþjöppun í kjölfar þess að framsal aflaheimilda var leyft hefur því leitt til þess að kvótinn hefur færst milli fyrirtækja og í mörgum tilvikum milli landshluta.



Mynd 10  
Heimild: Fiskistofa


## Útflutningur & framlag sjávarútvegs til landsframleiðslu

Sjávarafurðir voru tæplega helmingur af heildarútflutningsverðmæti fyrir um áratug en hlutfallið hefur lækkað mikið á síðustu árum og í dag eru sjávarafurðir um fjórðungur af heildarútflutningi Íslands. Útflutningur afurða úr orkufrekum iðnaði hefur aukist mikið á síðustu árum sem skýrir m.a. minnkandi hlut sjávarútvegs í heildarútflutningi. Þá hefur einnig orðið aukning í ferðaþjónustu. Ætla má að mun stærri hluta tekna úr sjávarútvegi verði eftir í landinu, og leiði til gjaldeyrissköpunar, en hlutur tekna úr álframléiðslu þar sem gjaldeyrisöflun álframléiðslu rýrnar sem nemur innfluttum aðföngum og álfyrirtækin eru að miklu leyti í eigu erlendra aðila. Eins og sést á mynd 11 þá hefur útflutningsverðmæti sjávarafurða, mælt í evrum, að mestu staðið í stað á síðustu 11 árum.



Mynd 11  
Heimild: Hagstofa Íslands & Seðlabanki Íslands

Á mynd 12 má sjá framlag sjávarútvegs til landsframleiðslu. Hlutdeild sjávarútvegs í landsframleiðslu minnkaði hratt upp úr aldamótunum en hefur tekið við sér á ný og var svipað og meðaltal síðustu þriggja áratuga árið 2009, eða um 12% af landsframleiðslu. Þróun síðustu tveggja ára gæti verið til marks um viðsnúning í stöðu sjávarútvegs innan íslensks samfélags eftir breyttar aðstæður í kjölfar bankahrunsins haustið 2008.



Mynd 12  
Heimild: Hagstofa Íslands

---

Í nýlegri skýrslu<sup>9</sup> um óbeint framlag sjávarútvegsins til atvinnusköpunar, sem áður hefur verið vikið að, var framlag greinarinnar til landsframleiðslu einnig skoðað. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að óbeint framlag sjávarútvegsklasans til landsframleiðslu gæti verið um 12,4%. Samkvæmt þessu gæti heildarframlag sjávarútvegs verið um fjórðungur af landsframleiðslu (beint framlag 12%, óbeint framlag 12,4%). Iðnaður er stærsti óbeini liðurinn í framlagi sjávarútvegs til landsframleiðslu. Þessar niðurstöður eru í samræmi við niðurstöður eldri rannsóknar á vegum Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands frá árinu 2003. Þar var framlag sjávarútvegs til framleiðslu metið og bentu niðurstöður til þess að heildarframlag sjávarútvegsins til landsframleiðslu væri almennt vanmetið í þjóðhagsreikningum, en þar var framlagið metið sem 10-15%. Rannsókn Hagfræðistofnunar gaf hins vegar til kynna að framlag sjávarútvegs til landsframleiðslu á síðustu tveimur áratugum 20. aldarinnar gæti verið tvisvar, jafnvel þrisvar sinnum framlagið sem opinberar tölur sýndu.<sup>10</sup>


---

<sup>9</sup> Linda (2011)

<sup>10</sup> Hagfræðistofnun (2003)


## Fjármunamyndun samhliða aukinni samþjöppun

Þegar nýju kvótakerfi var komið á legg fyrir tæpum þremur áratugum fylgdi í kjölfarið kerfisbreyting innan greinarinnar sem leiddi til aukinnar samþjöppunar. Offjárffesting í skipum og öðrum rekstrarfjármunum hafði löngum komið í veg fyrir aukna hagræðingu í greininni. Sóknarstýring, sem var beitt áður en núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi var komið á, fól í sér að veiði var leyfð á ákveðnum dögum og að jafnaði var þá allt lagt í sölurnar til að sækja sinn skerf af auðlindinni innan hins takmarkaða tímaramma. Ef framlag sjávarútvegs til heildarfjármunamyndunar er skoðað á mynd 13 er ljóst að fjárffesting í greininni náði hámarki eftir miðjan níunda áratuginn, stuttu eftir að kvótakerfi var innleitt í sjávarútvegi. Í kjölfarið dró síðan úr fjárffestingu enda hefur ekki verið brýn þörf á endurnýjun skipastóls.



Mynd 13  
Heimild: Hagstofa Íslands

Minnkandi hlutdeild sjávarútvegs í landsframleiðslu bendir til þess að minnkandi fjárffesting í sjávarútvegi eigi sér eðlilega skýringu, en þessar tvær stærðir virðast hafa haldist í hendur á síðustu áratugum. Ef fjármunamyndun í öðrum atvinnugreinum er skoðuð kemur í ljós að samsetning heildarfjármunamyndunar þjóðarþúsins hefur tekið þó nokkrum breytingum á síðastliðnum 20 árum.




Mynd 14  
Heimild: Hagstofa Íslands



Álframleiðsla á Íslandi hefur t.a.m. vaxið. Á meðan framlag sjávarútvegs til fjármunamyndunar þjóðarbúsins lækkaði úr rúmum 6% í 3% milli ára 1990 til 2010, jókst framlag málmframleiðslu um 7% samkvæmt tölum Hagstofunnar. Aðrar auðlindir Íslendinga, s.s. jarðhiti og vatnsafl, hafa einnig skilað aukinni fjárfestingu til þjóðarbúsins, samhliða vaxandi umsvifum í áliðnaði.

Hins vegar sést einna best hvernig þróunin hefur verið innan sjávarútvegsins ef litið er á varanlega rekstrarfjármuni útgerðarinnar (skip, vélar), en fjárfesting í þeim hefur minnkað jafnt og þétt sem hlutfall af framlegð, eða um rúm 70% á síðustu 10 árum. Þetta er skýrt merki um að fjárfesting innan greinarinnar hefur minnkað síðustu árin, óháð minnkandi framlagi greinarinnar til landsframleiðslu.




Mynd 15  
Heimild: Hagstofa Íslands


Í ljósi þeirrar þróunar sem hefur átt sér stað í sjávarútvegi sem og þeirrar óvissu sem nú ríkir um framtíðarskipan fiskveiðistjórnunarkerfisins mætti álykta að minnkandi fjárfesting í greininni sé í raun eðlileg þróun. Þar að auki er greininni settar skorður þegar kemur að fjárfestingu sökum þess að rekstur sjávarútvegsfyrirtækja byggir á aðgangi að náttúruauðlind. Því eru takmörk fyrir því hversu mikið er hægt að fjárfesta í sjálfri atvinnugreininni, ef frá eru taldar viðhaldsfjárfestingar. Fjárfesting hefur þó verið teljanleg á síðustu árum, en hefur verið mismunandi eftir sjávarútvegsfyrirtækjum, þar sem skuldastaða þeirra og stærð virðist t.a.m. hafa áhrif á fjárfestingarákvarðanir fyrirtækja. Nánar er fjallað um fjárfestingu sjávarútvegsfyrirtækja í næstu köflum.

## Stærstu fyrirtækin

Flest af stærstu fyrirtækjunum í sjávarútvegi eru með aðsetur á höfuðborgarsvæðinu en eins og áður hefur nefnt þarf að taka tillit til þess að aðsetur fyrirtækjanna segir ekki endilega til um heimahafnir skipa. Sum af stærstu fyrirtækjunum í Reykjavík reka t.a.m. skip með heimahafnir á Vesturlandi, Norðurlandi eystra og Austurlandi.





18 stærstu sjávarútvegsfyrirtækin á Íslandi, sem í framhaldi verður vísað til sem stærstu fyrirtækin nema annað sé tekið fram, eru handhafar rúmlega 70% af úthlutuðum aflaheimildum. Aðrar útgerðir hafa rúmlega þriðjung kvótans í botnfiski til umræða en stærstu fyrirtækin eru ráðandi í uppsjávarveiðum. Fyrirtæki sem stunda uppsjávarveiðar vinna jafnan allan sinn afla sjálf, þar sem lóðrétt samþætting veiða og vinnslu er algeng. Þá eru veiðarnar almennt tæknivæddari en botnfiskveiðar. Þar af leiðandi ætti ekki að koma á óvart að stærri sjávarútvegsfyrirtæki skuli vera allsráðandi í uppsjávarveiðum. Stærstu fyrirtækin hafa ákveðið forskot á þau sem minni eru en þau geta nýtt sér lóðréttu samþættingu veiða og vinnslu sem skilar sér oftast en ekki í meiri arðsemi.



## Arðsemi & skuldir í sjávarútvegi

Miklar framfarir hafa orðið í sjávarútvegi á síðustu árum og framlegð greinarinnar stórukist frá tíunda áratug síðustu aldar. Þetta er mikill viðsnúningur frá því sem áður var, en þá var tap algengt í greininni. Hlutar stærstu sjávarútvegsfyrirtækja á Íslandi í heildarframlegð greinarinnar hefur jafnframt aukist á síðastliðnum árum. Framsal aflaheimilda sem leyft var árið 1991 gerði fyrirtækjum auðveldara að hagræða í rekstri en með breyttu fyrirkomulagi gátu fyrirtækin nú selt eða keypt afnot af aflaheimildum eftir afkastagetu. Framsalinu fylgdi mikil aukning í arðsemi, en eins og sjá má á mynd 18 vex verg hlutdeild fjármagns hratt eftir 1991. Hins vegar er ljóst að framlegð sjávarútvegs (EBITDA) segir ekki allt um stöðu atvinnugreinarinnar, eða einstakra fyrirtækja, þar sem ekki hefur verið tekið tillit til afskrifta né afborgana af skuldum eða fjárfestinga í greininni.




\*Ósamræmi milli gagna frá Hagstofu og talna úr ársreikningum fyrirtækja varð til þess að hlutfall stærstu fyrirtækja af heildarframlegð varð meira en 100%. Hér var því tekið meðaltal árunna 2006 og 2008. Starfsemi stærstu fyrirtækjanna erlendis er ekki tekin með í tölum Hagstofunnar. Opinber gögn margra fyrirtækja eru eingöngu í formi samstæðureikninga og getur því reynt erfitt að áætla arðsemi úr íslenski starfsemi sérstaklega. Á árunum 2005-2009 mætti t.d. g.r.f. 10-15% lægra framlegðarhlutfalli en hér kemur fram, ef eingöngu er m.v. íslenska starfsemi.

Heimild: Hagstofa Íslands & ársreikningar fyrirtækja


Á mynd 20 má sjá breytingu á skuldastöðu íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja melda í evrum. Þar má einnig sjá hlutfall skulda af framlegð. Hlutfallið fór lægst í rúmlega 5 á árinu 2001 en í kjölfar mikillar skuldsetningar á árunum 2002-2008 náði hlutfallið

hámarki þegar skuldir sjávarútvegsins voru 13 sinnum EBITDA árið 2007. Án fjárfestinga eða frekari útgjalda, svo sem vaxtagreiðslna og afborgana, tæki það greinina því a.m.k. 13 ár að greiða til baka skuldir sínar. Hér er þó um einföldun að ræða því nauðsynlegar fjárfestingar fyrirtækja og vaxtagreiðslur eru oftast en ekki stór hluti af arðseminni sem eftir stendur. Því liggur fyrir að það tæki talsvert lengri tíma en 13 ár að greiða niður skuldinar.



Mynd 20  
Heimild: Hagstofa Íslands

Þá má einnig geta þess að fiskveiðiárið 2007/2008 var leyfilegur þorskaflí skorinn niður um þriðjung frá fyrra ári. Margar útgerðir misstu því stóran hluta af tekjum sínum vegna skerðingarinnar sem hefur eflaust hækkað skuldahlutfall þeirra. Tveimur árum síðar voru skuldir greinarinnar nífaldar m.v. verga hlutdeild fjármagns, líkt og um aldamótin. Þrátt fyrir að framlegð greinarinnar hafi aukist talsvert á síðustu árum tæki það enn a.m.k. 9 ár fyrir sjávarútveginn í heild sinni að greiða upp skuldir sínar, m.v. árið 2009, ef ekki er g.r.f. neinni fjármunamyndun í greininni, eða vaxtagreiðslum. Á árunum 2002-2008 jukust skuldir sjávarútvegs um 250%, en á sama tíma jókst virði aflaheimilda einnig mikið eins og sjá má á mynd 21. Nánar er fjallað um fjárfestingu og virði aflaheimilda í næsta kafla.




Mynd 21  
Heimild: Hagfræðistofnun Háskóla Íslands & Hagstofa Íslands

Sjávarútvegurinn var þó ekki sér á báti hér á landi því almenn skuldsetning jókst mikið í landinu á sama tíma. Ódýrt lánsfjármagn ýtti undir aukna lántöku í landinu og má t.a.m. benda á þá miklu aukningu sem varð á erlendum skuldum þjóðarbúsins frá og með árinu

2003, á svipuðum tíma og skuldsetning jókst í sjávarútvegi. Frá hrúni hefur hins vegar orðið skuldahjöðnun í greininni en árið 2009 voru skuldir sjávarútvegsins í evrum svipaðar og árið 2005. Ýmsir þættir geta skýrt slíka skuldahjöðnun. Líklega hafa mörg fyrirtæki nýtt sér betra árferði og greitt niður skuldir sínar. Jafnframt er líklegt að afurðalán sem falla undir skammtímaskuldir hafi einnig lækkað vegna betra árferðis á árunum 2008 og 2009. Einnig er ekki hægt að útiloka að hluti skulda hafi verið færður niður og afskrifaður.

## Skuldastaða minni & stærri fyrirtækja

Áhugavert er að skoða hvernig skuldsetningin skiptist milli minni útgerða og þeirra stærri. Ef ársreikningar 8 (18) stærstu sjávarútvegsfyrirtækjanna fyrir árið 2009 eru skoðaðir kemur í ljós að þrátt fyrir að vera handhafar um 50% (70%) fiskveiðikvótans bera þau aðeins ábyrgð á þriðjungi (*helmingi*) skulda geirans í heild. Ef tekið er mið af skuldsetningu á hvert þorskígildistonn þá má segja að skuldsetning minni útgerða samsvari tvöfaldri skuldsetningu þeirra stærri.



Mynd 22


\*Úthlutun aflaheimilda miðast við upphafsúthlutun í byrjun fiskveiðiárs.

Heimild: Ársreikningar fyrirtækja, Hagstofa Íslands, Fiskistofa & Greiningardeild Arion banka

Á mynd 22 má finna skuldir 8 stærstu sjávarútvegsfyrirtækjanna<sup>11</sup> (sem eru handhafar um 50% fiskveiðikvótans í dag) á þorskígildistonn samanborið við skuldsetningu minni útgerða. Þar sést að minni útgerðir skulda að meðaltali meira á hvert þorskígildistonn en þær stærri og eykst munurinn þegar líður á áratuginn. Skuldir sjávarútvegsins jukust um rúmlega 70% milli árana 2007 og 2008, í krónum talið, en skuldir 8 stærstu fyrirtækjanna aðeins um 35%. Meðalstórar og minni útgerðir hafa því hlutfallslega tekið á sig talsvert meira högg í kjölfar hrunsins. Þar kann að spila inn í að þessar útgerðir voru margar hverjar með meira af lánum í öðrum myntum en evru (t.d. yenum og svissneskum frönkum) en stærri aðilar í greininni. Veiking krónu gagnvart þessum myntum var umtalsvert meiri á árinu 2008 en gagnvart evru og því hækkuðu skuldir aðila sem skuldsettir eru í þeirri mynt því hlutfallslega meira en annarra. Þar að auki minnkuðu aflaheimildir 8 stærstu fyrirtækjanna um 5% milli 2007 og 2008 og má leiða líkur að því að minni útgerðirnar hafi þurft að auka við skuldsetningu sína til að komast yfir þær heimildir.

<sup>11</sup> Hér er einungis tekin 8 stærstu þar sem ekki liggja fyrir sambærileg gögn fyrir 18 stærstu til útreikninga á stærðinni.

Á mynd 23 má sjá að þorskígildi allra fyrirtækja dragast saman árið 2007 þegar mikil skerðing var í úthlutuðum þorskafla. Á sama tíma var lítil aukning í skuldum minni fyrirtækjanna. Stærri fyrirtækin juku við skuldir sínar, en þó minna en á fyrri árum. Árið 2008 má sjá neikvætt samband skapast milli skuldsetningar og þorskígilda hjá stærstu fyrirtækjunum, en þó að þorskígildum þeirra fækkaði jókst skuldsetning samt sem áður.




Mynd 23  
Heimild: Ársreikningar fyrirtækja, Hagstofa Íslands, Fiskistofa & Greiningardeild Arion banka

Þá sést að þó að þorskígildum minni fyrirtækja fækkaði enn árið 2008 þá var minnkunin milli árunna 2007 og 2008 minni en hjá stærstu útgerðunum. Þetta kemur heim og saman við flutning aflaheimilda frá stærri til minni fyrirtækja á því ári. Á sama tíma jókst skuldsetning gífurlega hjá minni fyrirtækjum eins og áður hefur verið skýrt frá. Auknar skuldir á þorskígildistonn árið 2008 hjá minni fyrirtækjunum gætu því skýrst bæði af kaupum á aflaheimildum, á háu verði, og skerðingu í heildarþorskígildum. Minnkun þorskígilda á árunum 2007 og 2008 hefur því haft áhrif til hækkunar á hlutfall skulda á þorskígildi hjá öllum útgerðum. Lítil breyting skulda milli árunna 2006 og 2007 hjá meðalstórum og minni fyrirtækjum gefur ljóslega til kynna að skuldaaukning á þorskígildistonn á þessum tíma, sem mynd 22 sýnir, er að mestum hluta vegna skerðingar í aflamarki.


Mikil skuldsetning margra sjávarútvegsfyrirtækja hefur áhrif á framlag þeirra til fjármunamyndunar, þar sem lítið svigrúm verður til fjárfestinga eftir að tekið hefur verið tillit til afborgana af skuldum. Þá benda gögn til þess að fyrirtæki sem standa betur fjárhagslega hafi staðið undir stórum hluta af fjárfestingum greinarinnar að undanfögnu.

## Fjárfestingar - fyrir & eftir eignaverðshækkunir

Greiningardeild hefur tekið saman gögn um fjárfestingar fyrirtækja sem eru handhafar rúmlega 70% fiskveiðikvótans<sup>12</sup>. Hér að neðan má sjá hvernig fjárfesting fyrirtækjanna á árabílinu 1997-2009 skiptist eftir því hvort um er að ræða varanlega rekstrarfjármuni, kaup á aflaheimildum eða fjárfestingu í áhættufjármunum, t.d. hlutabréfum.




Arðsemi stærstu sjávarútvegsfyrirtækja jókst mikið árið 2001 sem gæti útskýrt þann vöxt sem varð í fjárfestingu ári síðar. Á árunum 2002-04 var fjárfesting í aflaheimildum ráðandi og talsvert þar á fjárfestingu í áhættufjármunum á árunum 2002, 2004 og 2005, sem og árið 2007.



Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum var nokkuð skrykkjótt fyrir 2002 en þó oft á tíðum talsverð sem hlutfall af EBITDA, eins og betur má sjá á mynd 25 þar sem heildarfjárfesting fyrirtækjanna og fjárfesting þeirra í rekstrarfjármunum sem hlutfall af EBITDA er sýnd. Í krónum talið virðist fjárfesting í rekstrarfjármunum hafa haldist að

<sup>12</sup> Frá 2003-2009 eru gögn frá 18 stærstu fyrirtækjunum (70% kvótans) notuð en gögn fyrir 2003 voru ekki auðfundin fyrir 18 stærstu. Tölur um fjárfestingu á árunum 1997-2002 endurspeglar því fjárfestingaferil færri fyrirtækja (að meðaltali 8 fyrirtækja).

mestu stöðug á síðustu árum, en ef lítið er á fjárfestingu í hlutfalli við EBITDA er ljóst að hún hefur farið minnkandi. Ein skýring á lítilli fjárfestingu innan geirans á síðustu árum gæti verið sú óvissa sem hefur ríkt um framtíð fiskveiðistjórnunar í landinu að undanförunu en eðli málsins samkvæmt er öll óvissa til þess fallin að draga úr frekari fjárfestingu.



Mynd 26  
Heimild: Ársreikningar fyrirtækja


Ef fjárfestingartölur eru skoðaðar í samhengi við áætlaðan kostnað við skipakaup eða endurnýjun skipa þá jafngildir 6 ma. kr. fjárfesting<sup>13</sup> kaupum á nýjum togara og tveimur litlum skipum, eða einu uppsjárveiðiskipi og 12 nýjum aðalvélum. Uppsöfnuð 12 ára fjárfesting á tímabilinu 1997 til 2009 nemur um 54 ma. kr. Fyrir þá upphæð, á verðlagi ársins 2009, væri hægt að fjárfesta í 14 togurum og/eða uppsjárskipum eða a.m.k. 50 minni skipum. Í því samhengi má benda á að 58 togarar voru skráðir á landinu árið 2009. Ef stærstur hluti fjárfestinga hefði farið í togarakaup á þessu tímabili hefði því verið um 20% endurnýjun togaraflotans að ræða, sem hlýtur að teljast talsverð fjárfesting. Hér er þó um verulega einföldun að ræða þar sem ljóst er að útgerðir leggja ekki í svo stóra fjárfestingu reglulega. Fjármagnið er einnig nýtt í ýmis önnur framleiðslutæki. Þetta gefur þó grófa mynd af umfangi fjárfestingar í greininni. Fleiri verðhugmyndir má finna í töflu hér að ofan.

Á mynd 27 má sjá þær miklu verðhækkningar sem áttu sér stað á öllum eignamörkuðum á árunum 2004-2008. Verðhækkun hlutabréfa virðist hafa verið undanfari annarra eignaverðshækkana í landinu, þ.m.t. í aflaheimildum<sup>14</sup>. Eftir árið 2002 tók verð á hlutabréfum að hækka og náði hækkunin hámarki árið 2007. Þetta er í samræmi við auknar fjárfestingar sjávarútvegs í áhættufjármunum. Einnig má sjá að aflaheimildir hækkuðu í verði milli 2002 og 2004 þegar fjárfesting í aflaheimildum meðal stærstu fyrirtækjanna var ráðandi eins og mynd 25 sýndi. Þessi hækkun var þó ekki í námunda við þá miklu eignabólu sem skapaðist á markaði fyrir aflaheimildir árið 2007.


<sup>13</sup> Tölur frá 2009.

<sup>14</sup> Sérfræðihópur (2011)






Mikil kvótakaup á árabílinu 2002-04 má t.a.m. rekja til góðæris fyrstu ára nýrrar aldar en þá hafa mörg fyrirtæki (þá einna helst þau stærstu) eflaust nýtt tækifærið og orðið sér úti um meiri aflaheimildir. Jafnframt einkenndust þessi ár af ódýru fjármagni þar sem aðgengi að lánsfé var tiltölulega auðvelt, sem án efa hefur einnig leikið stórt hlutverk. Fyrirtæki sem keyptu kvóta í kringum aldamótin gerðu góð kaup því fljótlega hækkaði verð aflaheimilda nánast með veldisfalli, líkt og eignaverð almennt í landinu.



Á þessum tíma hækkaði eignaverð aflahlutdeildar langt umfram hækkun aflaverðmætis en hlutfall bókfærðs virðis hlutdeildar og aflaverðmætis hækkaði um 150% á árabílinu 2002-2007. Á sama tíma jókst framlag 18 stærstu fyrirtækjanna til framlegðar sjávarútvegsins úr tæplega 50% í um 70%. Því er ljóst að útgerðir hafa séð mikinn hag og aukin tækifæri í því að komast yfir aflahlutdeild á þessum tíma. Svo virðist sem útgerðir hafi ekki búist við skerðingu í þorskaflanum árið 2007 þar sem enn er nokkuð um fjárfestingar í aflahlutdeild á því ári. Frá og með árinu 2008 hefur almennt eignaverð í landinu lækkað, þ.m.t. virði aflahlutdeildar. Tölur um virði aflahlutdeildar ná ekki lengra fram en til ársins 2009 en að mati greiningardeildar er líklegt að óvissa innan greinarinnar m.a. sökum yfirvofandi breytinga á fiskveiðistjórnunarlöggjöfinni hafi nú þegar haft neikvæð áhrif á verð aflahlutdeildar.




Mynd 29

Heimild: Hagstofa Íslands &amp; Greiningardeild Arion banka

## Ráðstöfun fjármagns


Mikið hefur verið rætt um skuldsetningu sjávarútvegsins og að arður hafi runnið út úr greininni í formi hárra arðgreiðslna og fjárfestinga utan greinarinnar. Því hefur m.a. verið haldið fram að arðsemi sjávarútvegs hafi ekki skilað sér í áframhaldandi fjárfestingu vegna þess að fjármagn hafi farið í arðgreiðslur og/eða fyrrnefnd kvótakaup á uppsprengdu verði. Í þessu samhengi er áhugavert að velta því fyrir sér hverjir möguleikar fyrirtækja í sjávarútvegi eru þegar kemur að ráðstöfun arðs. Atvinnugreinum sem byggja á náttúruauðlindum eru skorður settar þegar kemur að vexti innan greinarinnar. Vöxtur getur þó orðið í arðsemi, sem hefur sýnt sig í íslenskum sjávarútvegi, og því eðlilegt, sem og skynsamlegt, að fyrirtæki fjárfesti arði sínum þar sem mestir arðsemismöguleikar eru til staðar. Þ.a.l. er það ekki sjálfgefinn hlutur að auðlindarentan haldist innan greinarinnar og að sjávarútvegsfyrirtæki fjárfesti eingöngu í sjávarútvegi. Hvað varðar skuldsetningu sjávarútvegsfyrirtækja þá liggur fyrir að mörg þeirra eru skuldsett fram úr hófi. Rekstur íslenskra útgerða er hins vegar misjafn, bæði hvað varðar skuldsetningu og arðsemi, og því er ljóst að ekki er hægt að skipa öllum fyrirtækjum í sama flokk.

Á mynd 30 má sjá arðgreiðslur til hluthafa 18 stærstu fyrirtækjanna í sjávarútvegi. Eftir aldamótin jókst hagnaður fyrirtækjanna og samhliða því jukust arðgreiðslur en greiðslurnar hafa haldist nokkuð stöðugar á síðustu árum. Á árunum 2001-2005 virðast greiðslurnar hafa verið hóflegar, ef tekið er mið af hlut þeirra í hagnaði hvers árs. Árið 2006 var tapár í sjávarútvegi en engu að síður voru greiddir rúmlega 3 milljarðar kr. í arð til hluthafa. Eilítið hærrí upphæð var síðan greidd út árið 2008 þegar tap 18 stærstu fyrirtækjanna nam 72 milljörðum kr.<sup>15</sup>



Samanburð á fjárfestingum fyrirtækja eftir skuldastöðu má finna á mynd 31. Fyrirtækjum er raðað eftir skuldsetningu þar sem fyrirtæki F1 er það fyrirtæki sem er skuldsettast m.v. EBITDA en fyrirtæki F18 minnst skuldsett. Með þessu móti er hægt að reyna að varpa einhverju ljósi á það hvort fjárfestingahegðun fyrirtækja hafi verið mismunandi eftir skuldastöðu þeirra.

<sup>15</sup> Þetta var að stórum hluta bókfært gengistap hjá fyrirtækjunum vegna falls krónunnar á seinni hluta ársins 2008, en flest fyrirtækin eru skuldsett í erlendum gjaldmiðlum.



Heildarfjárfesting margra skuldsettustu fyrirtækjanna hefur verið hlutfallslega meiri en heildarfjárfesting minna skuldsettari fyrirtækja. Helsta ástæða þessa eru fjárfestingar í aflaheimildum og áhættufjármunum. Gögn benda til þess að stærri hluti fjárfestinga þeirra fyrirtækja sem voru að meðaltali minna skuldsett á árunum 1997-2009 hafi farið í varanlega rekstrarfjármuni<sup>16</sup>. Má því í raun segja að hlutfallslega meira fjármagn hafi farið í kvótakaup og fjárfestingar utan geirans hjá skuldsettari fyrirtækjum en meðal fyrirtækja sem voru minna skuldsett á tímabilinu.

<sup>16</sup> Hér er þó vakin athygli á því að um lítið úrtak er að ræða, eða um 18 fyrirtæki.

## Framlag sjávarútvegs til ríkissjóðs

### Veiðigjald

Reiknuð arðsemi í sjávarútvegi tekur tillit til ýmissa gjalda. Þar með talið er svokallað veiðigjald, eða auðlindagjald sem kom til upp úr aldamótunum þegar ákveðið var að endurskoða lög um fiskveiðistjórnunarkerfið. Endurskoðunarnefnd sendi frá sér skýrslu árið 2001 þar sem m.a. var lagt til að veiðigjald yrði lagt á í upphafi fiskveiðiársins 2004/2005. Veiðigjaldið átti að vera tvískipt; annars vegar fastur hluti sem átti að taka mið af kostnaði ríkisins vegna stjórnar fiskveiða og hins vegar breytilegur hluti sem tengdist afkomu í greininni.


*Veiðigjaldið hefur verið fundið út með þeim hætti að frá aflaverðmæti tímabils sem hefst 1. maí næstliðins árs og lýkur 30. apríl er dreginn reiknaður olíukostnaður, launakostnaður og annar rekstrarkostnaður sama tímabils. Af þeirri fjárhæð sem eftir stendur er reiknað 9,5%. Síðan er deilt í þá fjárhæð með þorskígildum sem standa að baki aflaverðmætinu sem lagt er til grundvallar í útreikningum. Með því fæst veiðigjald sem lagt verður á úthlutaðar aflaheimildir og landaðan afla á komandi fiskveiðiári.*

#### Veiðigjald - Krónur/þorskíg. kg.

| 2004/05 | 2005/06 | 2006/07 | 2007/08 | 2008/09 | 2009/10 | 2010/11 | 2011/12 |
|---------|---------|---------|---------|---------|---------|---------|---------|
| 1,99    | 1,53    | 0,91    | 1,45    | 0,71    | 3,47    | 6,44    | 9,46    |

Tafla 1  
Sjávarútvegsráðuneytið (2011b)

Veiðigjald var lagt á í fyrsta sinn fiskveiðiárið 2004/2005 og nam gjaldið þá tæpum tveimur krónum á þorskígildiskíló úthlutaðra veiðiheimilda eða landaðs afla einstakra tegunda<sup>17</sup>. Ákveðið var að leggja á fast gjald á þorskígildiskíló en forsendur á bakvið krónutöluna á hvert kíló má finna hér að ofan. Eigendum fiskiskipa var veittur aðlögunartími til að byrja með sem varð til þess að fullt gjald var ekki greitt fyrr en á fiskveiðiárinu 2009/2010, en þá hafði einnig verið tekið tillit til slæms árferðis í sjávarútvegi á árunum 2007 og 2008.



Mynd 32  
Heimild: Fiskistofa & Sjávarútvegsráðuneytið (2011b)


<sup>17</sup> Sjávarútvegsráðuneytið (2004)

Eins og sjá má af mynd 32 og töflu 1 hefur veiðigjaldið hækkað umtalsvert á síðastliðnum árum en sjávarútvegsráðuneytið áætlað að veiðigjald næstkomandi fiskveiðiárs muni skila um 4,5 milljörðum króna í ríkiskassann. Útreikningar greiningardeildar Arion banka benda til þess að gjaldið gæti skilað tæplega 4 milljörðum kr. en engu að síður má sjá að mikil hækkun verður á gjaldinu frá fyrra fiskveiðiári. Hækkunin skýrist af auknum aflaheimildum og ákvörðun Alþingis að hækka gjaldið úr 9,5% í 13,3%. Nánar er farið í möguleg áhrif og afleiðingar af hækkun gjaldsins í II. hluta skýrslunnar þar sem tillagt nýtt frumvarp um fiskveiðistjórnunarkerfið er brotið til mergjar.

## Auðlindarentan

Veiðigjaldinu er m.a. ætlað að ná til svokallaðrar auðlindarentu sem jafnan hefur verið talið að geti skapist í atvinnugreinum líkt og sjávarútvegi. Atvinnugreinar sem byggja á nýtingu takmarkaðra auðlinda, svo sem fiskveiðar, geta skilað umframarði ólíkt fyrirtækjum sem nýta ekki náttúruauðlindir við framleiðslu. Frekari takmarkanir á nýtingu auðlindar mun að öllu óbreyttu leiða til þess að verð á viðkomandi gæðum hækkar og þar með auðlindarentan sem rennur til atvinnugreinarinnar. Hagfræðileg skilgreining á rentu eru greiðslur umfram svokallaðan fórnarkostnað, en fórnarkostnaður er óbeinn kostnaður við að nota framleiðsluþættina í viðkomandi framleiðslu í stað þess að nýta þá í annað. Þegar auðlindarenta af fiskveiðum er reiknuð er eðlilegt að taka tillit til hagræns kostnaðar (fórnarkostnaðar) auk bókhaldskostnaðar (beins kostnaðar) þegar litið er til arðsemi fiskveiða.


### Myndun auðlindarentu í íslenskum sjávarútvegi



Mynd 33  
Heimild: Sérfræðihópur (2011)

Á mynd 33 má sjá einfaldaða útskýringu á myndun auðlindarentu. Auðlindarenta eykst með auknu aflamarki eða herra heimsmarkaðsverði. Aftur á móti minnkar rentan ef kostnaður eykst. Sjávarútvegsfyrirtæki taka verð á heimsörkuðum sem gefið en tekjur þeirra í krónum miðast síðan við gengi krónu gagnvart erlendum gjaldmiðlum. Þess ber þó að geta að um einfaldaðar forsendur er að ræða þar sem fyrirtæki í sjávarútvegi eru mismunandi og arðsemi fiskveiðanna ræðst af verði einstakra fisktegunda sem veiddar eru og kostnaðinum við veiðarnar. Sum fyrirtæki hafa jafnframt tækifæri til að nýta aðföng sín á hagkvæmari hátt en önnur. Hér getur stærðarhagkvæmni í veiðum t.a.m. spilað inn í, en stærstu fyrirtækjunum í sjávarútvegi hefur tekist að hagræða talsvert í rekstri með lóðréttri samþættingu veiða og vinnslu. Sum fyrirtæki sjá um alla framleiðslukeðjuna, frá veiðum til sölu afurðanna á markaði.

Útreikningur á auðlindarentu er torveldur þar sem erfitt getur reynst að skilja rentuna frá öðrum hagnaði. Mismunandi möguleikar og hæfni fyrirtækja til að nýta framleiðsluþætti sína hafa þar m.a. áhrif.




Mynd 34

\*Hér EBITDA veiða að frádreginni 6% árgreiðslu notað sem gróft mat á auðlindarentu

Heimild: Hagstofa Íslands &amp; Greiningardeild Arion banka

Þó að erfitt sé að leggja mat á auðlindarentu hefur oft á tíðum verið stuðst við gróft mat á rentunni sem felur í sér að frá framlegð (EBITDA) veiða er dregin 6% árgreiðsla. Árgreiðslan er reiknuð af Hagstofu Íslands og er mat á fjármagnskostnaði í greininni. Í útreikningum á árgreiðslunni er því gert ráð fyrir að eigið fé og lánsfé beri 6% vexti. Á talan að vera nálgun á raunvaxtakostnað fyrirtækja. Á mynd 34 má sjá gróft mat á auðlindarentu í sjávarútvegi og á mynd 35 mögulegt umfang rentunnar sem veiðigjaldið hefði fram að þessu getað náð til. Ljóst er að aukin arðsemi í sjávarútvegi á síðustu árum stendur talsvert betur undir aukinni gjaldtöku en áður fyrr. Af mynd 35 er t.a.m. ljóst að árið 1999 hefði 13,3% gjald verið alltof mikil blóðtaka fyrir greinina. Hér er þó aðeins reynt að setja veiðigjaldið í samhengi við þróun auðlindarentunnar, en veiðigjaldið sem nú er lagt á þarf að sjálfsögðu að skoða m.v. núverandi arðsemi í sjávarútvegi<sup>18</sup>.



Mynd 35

\*Hér EBITDA veiða að frádreginni 6% árgreiðslu notað sem gróft mat á auðlindarentu


Heimild: Hagstofa Íslands &amp; Greiningardeild Arion banka

<sup>18</sup> Hér er stuðst veiðigjaldshlutföllin 13,3% og 19% sem taka mið af nýsamþykktum lögum um breytingu á fiskveiðistjórnunarkerfinu (lög nr. 70/2011) og tillögðu frumvarpi sem tekið verður fyrir á Alþingi nú í haust (þingskjal 1475).

## Skattgreiðslur sjávarútvegs


### Umhverfis- og auðlindaskattur

Í lok árs 2009 samþykkti Alþingi lög um umhverfis- og auðlindaskatta. Í lögnum felst að skattur verður lagður á selda raforku og heitt vatn. Fjárhæð skatts af raforku er 0,12 kr. á hverja kílóvattstund af seldri raforku, en skattur á heitt vatn er 2% af smásöluverði heits vatns. Skattskyldan nær eingöngu til þeirra aðila sem selja raforku og heitt vatn á síðasta stigi viðskipta. Skatturinn leggst þyngst á stóriðjuna sem notaði rúmlega 13 þúsund milljónir kílóvattstunda af raforku árið 2009. Á mynd 36 má sjá hvernig auðlindaskattar leggjast á útgerðir (fiskveiðar), í formi veiðigjalds, annars vegar og fyrirtæki í stóriðju hins vegar. Þar sést að árið 2010 greiddi sjávarútvegurinn tvöfalt hærra auðlindagjald samanborið við stóriðju<sup>19</sup>.



### Tekju- og eignaskattur


Auk veiðigjalds greiða sjávarútvegsfyrirtækin tekjuskatt, og greiddu fram til ársins 2005 einnig eignaskatt. Á mynd 37 má sjá hlutfall greiddra tekju- og eignaskatta sjávarútvegs af heildartekju- og eignaskatti sem lögaðilar greiddu á árunum 1999 til 2008. Þá má sjá sömu skattgreiðslur iðnaðar á Íslandi, að frátaldri fiskvinnslu, á tímabilinu.



<sup>19</sup> Þess ber þó að geta að stóriðjan greiddi fyrst auðlindagjald árið 2010 og því er hér um einstaka stærð að ræða. Því er erfitt að fá heildarmynd af því hvernig þetta leggst á greinina.



Skatttekjur ríkisins af sjávarútvegi jukust samhliða aukinni arðsemi í greininni en á árunum 2003-2005 voru greiddir tekju- og eignaskattar sjávarútvegs meiri en iðnaðar (án fiskvinnslu) í heild sinni. Sjávarútvegurinn greiddi að meðaltali um 1,4 ma. kr. á ári í skatta á tímabilinu 1999-2008, en iðnaður (án fiskvinnslu) um 2 ma. kr. á ári.



Mynd 38  
\*Árin 2009 og 2010 er g.r.f. að greiddur tekjuskattur sjávarútvegs og iðnaðar sé sá sami og 2008. Nýrri tölur eftir atvinnugreinum voru ófáanlegar. Tölur um veiðigjald og auðlindaskatta eru rauntölur.


Heimild: Ríkisskattstjóri (2011)

Á mynd 38 má sjá skattgreiðslur sjávarútvegs og iðnaðar (án fiskvinnslu) í milljörðum króna. Ljóst er að hækkun veiðigjalds milli árunna 2008 og 2009 er mikil aukning við aðrar greiðslur til ríkisins. Hækkunin milli árunna 2009 og 2010 er enn meiri en þá gæti veiðigjaldið nærri tvöfaldað greiðslur sjávarútvegs til ríkisins.<sup>20</sup>

<sup>20</sup> Hér ber að geta þess að í útreikningum var g.r.f. að greiddur tekjuskattur sjávarútvegs og iðnaðar hefði verið sá sami árið 2009 og hann var árið 2008. Færa má sterk rök fyrir því að hlutur sjávarútvegs í greiddum tekjuskatti hafi þó hækkað til muna þar sem tekjuskattstofn ríkisins hefur minnkað mikið frá hruni. Á sama tíma hefur arðsemi í sjávarútvegi hins vegar aukist.

## Sjávarútvegur og aðrar greinar

Þrátt fyrir umtalsverða arðsemi í sjávarútvegi á síðustu árum þá er slík arðsemi ekki einsdæmi eins og sést t.a.m. á mynd 39. Arðsemishlutfall íslenskra orkufyrirtækja (veitur) hefur verið um og yfir 50% á síðustu árum og hefur arðsemishlutfallið í landbúnaði verið svipað og jafnvel hærra en í sjávarútvegi á undanförunum árum<sup>21</sup>. Þetta skýrist einna helst af því að veltuhraði í landbúnaði er lítil, en fastur kostnaður er stór hluti útgjalda. Sama á við um veitur.




Mynd 39  
Heimild: Hagstofa Íslands

Þá er einnig áhugavert að skoða skuldastöðu sjávarútvegs samanborið við aðrar atvinnugreinar, s.s. landbúnað, en sú atvinnugrein hefur lengi hlotið styrki frá íslenska ríkinu. Skuldsetning í landbúnaði hefur aukist á síðustu árum en hlutfall skulda og arðsemi hafði lækkað mikið frá aldamótunum. Árið 2008 hafði hlutfall skulda og arðsemi hækkað til muna og var farið að nálgast skuldahlutfall sjávarútvegs. Aukin skuldsetning landbúnaðar gæti stafað af aukinni fjárfestingu bænda í mjólkurkvóta á síðustu árum, en á árabílinu 2004-2008 rúmlega tvöfölduðust skuldir í landbúnaði í krónum talið. Sala á mjólkurkvóta fór þó minnkandi á árunum 2008 og 2009 en verð kvótans hækkaði um 11% milli verðlagsáranna 2006/2007 og 2007/2008.<sup>22</sup> Þá vekur vöxtur hlutfalls skulda og arðsemi hjá orkufyrirtækjum athygli en skuldir þeirra voru fimmtán sinnum arðsemin árið 2008.

Sjávarútvegurinn ber þó höfuð og herðar yfir aðrar greinar þegar kemur að framlagi atvinnugreina til landsframléiðslu. Þrátt fyrir að framlagið hafi minnkað talsvert á síðasta áratug var það enn hærra en framlag landbúnaðar, framleiðslu málma og starfsemi veitna til landsframléiðslu. Framlag sjávarútvegs til landsframléiðslu hefur aukist á síðustu árum en greinin féll vafalaust í skugga annarra atvinnugreina, svo sem fjármálamarkaðarins, á tíunda áratug síðustu aldar.

<sup>21</sup> Ljóst er að um ólíkar atvinnugreinar er að ræða sem e.t.v. eru ekki sambærilegar að fullu. Hér er tilgangurinn einvörðungu að sýna fram á arðsemi annarra greina. Veitustarfsemi einkennist af miklum stofnkostnaði og því þarf arðsemiskrafan í geiranum að vera há til að starfsemin borgi sig. Þá má einnig geta þess að þessi fyrirtæki eru að mestu í eigu ríkisins og/eða sveitarfélaga. Landbúnaðurinn er einnig að miklu leyti sér á báti sökum þeirra styrkja sem greinin þiggur frá ríkinu.

<sup>22</sup> Bændasamtök Íslands (2011) & BSSL (2011)




Mynd 40  
Heimild: Hagstofa Íslands

## Samanburður á íslenskum & erlendum sjávarútvegi



### Ísland & ESB

Aukin arðsemi hefur skapast í íslenskum sjávarútvegi á undanförunum árum án mikillar aðkomu ríkisins. Þannig hefur íslenskt fiskveiðistjórnunarkerfi orðið fyrirmynd margra annarra ríkja, m.a. í Evrópu, og má sem dæmi nefna að leitast hefur verið eftir ráðleggingum Íslendinga á fyrstu skrefum endurskoðunar á sjávarútvegskerfi ESB.



Mynd 41  
Heimild: Utanríkisráðuneytið (2008)

Á mynd 41 má sjá úthlutanir úr Sjávarútvegssjóði Evrópusambandsins (European Fisheries Fund, EFF) til evrópska fiskveiðiflotans. Mynd 42 sýnir heildarstyrki Evrópusambandsins til sjávarútvegs á árinu 2009 en tölurnar eru fengnar úr nýbirtri skýrslu stofnunarinnar Oceana<sup>23</sup>. Stofnunin bendir á að styrkir úr Sjávarútvegssjóðnum gefi ekki rétta mynd af umfangi styrkja sem ESB löndin hljóta frá sambandinu þar sem ekki er tekið tillit til annarra styrkja. Greining Oceana bendir til þess að a.m.k. 3,3 ma. EUR hafi verið veittir í styrki til evrópska fiskiskipaflotans árið 2009 ef tekið er tillit til allra styrkveitinga.



Mynd 42


\*M.v. útreikninga Oceana. Oceana tekur til greina ýmsar aðrar styrkveitingar en úr EFF sjóðnum, en á sama tíma gerir stofnunin einnig ráð fyrir að umfang styrkja úr EFF sjóðnum sé vanmetið.

Heimild: Oceana (2011)

<sup>23</sup> Oceana (2011). Yfirlýst markmið stofnunarinnar er að vernda heimshöfin gegn of miklum ágangi.

Styrkveitingar í formi niðurgreiðslu olíu, skattaafslátta og annarra styrkja nema rúmlega 2 ma. króna. Því er ljóst að tölur frá EFF gefa ekki rétta mynd af evrópskum sjávarútvegi.

Styrkir ESB til sjávarútvegs hafa hækkað mikið á undanfönum árum. Samkvæmt opinberum tölum ESB munu styrkir úr Sjávarútvegssjóðnum (EFF) aukast þegar líður á áratuginn og áætlað er að styrkirnir verði um 660. m. evra árið 2013. Ef tölur Oceana stofnunarinnar um styrki til evrópska fiskveiðiflotans árið 2009 eiga við rök að styðjast má áætla að styrkveitingar hafi verið, og verði, umtalsvert hærra en styrkir úr Sjávarútvegssjóðnum gefa til kynna. Framkvæmdastjóri sjávarútvegs mála hjá Evrópusambandinu hefur lýst yfir áhyggjum af fiskiflota sambandsins en um 30-40% af flotanum er ekki nógu arðsamur til að standa undir sér til lengri tíma. Í ljósi þessa er talið að mikilvægt sé að draga úr styrkjum sem leiða til ofveiði.<sup>24</sup>




Mynd 43

\*Oceana stofnunin áætlar að styrkir til sjávarútvegs hafi verið fimmfalt meiri en uppgefnir styrkir úr EFF sjóðnum. Greiningardeild gerir hér ráð fyrir að svipaðar forsendur hafi áður átt við og muni eiga við, og miðast útreikningar við það.

Heimild: Utanríkisráðuneytið (2008), Oceana (2011) & Hagstofa Íslands

Á mynd 44 má sjá arðsemi í sjávarútvegi innan Evrópusambandsins annars vegar og hins vegar arðsemi íslensks sjávarútvegs. Gráu súlurnar sýna arðsemi sjávarútvegs innan ESB þegar búið er að draga frá styrki til geirans innan ESB.



Mynd 44


STECF (2009, 2010) & Hagstofa Íslands

<sup>24</sup> Seafood Source News (2011)

Arðsemin í íslenskum sjávarútvegi hefur verið umtalsvert hærrí en innan ESB eftir að búið að draga frá styrki innan greinarinnar, og var sem dæmi á árinu 2008 þrefalt hærrí hér á Íslandi samanborið við ESB.


## Ísland & Noregur

Aðeins sex ár eru síðan Norðmenn drógu að mestu leyti úr framlögum og styrkjum til sjávarútvegs. Árið 1992 voru styrkir til greinarinnar í einni eða annarri mynd tæplega 30% af tekjum sjávarútvegs. Athyglisvert er að frá því að dregið var úr framlögum til sjávarútvegs í Noregi hefur arðsemi greinarinnar aukist. Arðsemi íslensks sjávarútvegs hefur verið svipuð og í Noregi og oft á tíðum meiri enda þótt norskur sjávarútvegur hafi þar til nýlega þegið miklar greiðslur frá norska ríkinu.



Heimild: Fiskeridirektoratet, Statistics Norway & Hagstofa Íslands

Þrátt fyrir styrki frá norska ríkinu var skuldsetning í norskum sjávarútvegi umtalsvert hærrí á árunum 2002 og 2003, en samhliða lánsfjárbólunni hér innanlands (á sama tíma átti sér stað skuldahjöðnun í þeim norska) tóku skuldir í íslenskum sjávarútvegi fram úr þeim norska. Eins og áður hefur verið greint frá hefur orðið skuldahjöðnun í greininni hér innanlands og á árinu 2009 voru skuldir í íslenskum sjávarútvegi komnar á þar við skuldir í norskum sjávarútvegi.




Heimild: Fiskeridirektoratet, Statistics Norway & Hagstofa Íslands

Sjávarútvegur er hins vegar ekki undirstöðuatvinnugrein í Noregi eins og hér. Tekjur úr sjávarútvegi hafa numið um 15% af landsframleiðslu Íslands á síðustu árum en hlutfall tekna úr sjávarútvegi af landsframleiðslu í Noregi og innan Evrópusambandsins er ómarktækt. Innan ESB, og í Noregi, hefur hlutverk sjávarútvegsins fyrst og fremst verið að skapa atvinnu, fremur en að áhersla hafi verið lögð á sjálfstæði atvinnugreinarinnar og aukna arðsemi. Á Íslandi gegnir sjávarútvegurinn þó stóru hlutverki á báðum vígstöðum, á vinnumarkaði og með miklu framlagi sínu til landsframleiðslu.

## Afli við Íslandsstrendur og heimsaflinn

Aukin arðsemi og hagkvæmari rekstur sjávarútvegsfyrirtækja var ekki eina markmið kvótakerfisins né eina afleiðing þess. Hagkvæm nýting fiskistofnanna var einnig mikilvægt atriði en með nýrri fiskveiðistjórnun átti að leita fleiri leiða til að koma í veg fyrir ofveiði.



Á mynd 47 má sjá þorskafla Íslendinga frá miðri síðustu öld og hlutfall þorskaflans af heimsafla í þorski (e. atlantic cod). Frá og með miðjum áttunda áratugnum jókst hlutfeldi íslenskra veiðiskipa í heildarþorskafla á heimsvísu stöðugt og árið 1980 var hlutfellið orðið nærrí fimmtungur af heimsafla í þorski. Rétt fyrir innleiðingu kvótakerfisins, á níunda áratugnum, minnkaði hlutfeldi íslenskra skipa í heimsafla þorsks vegna verulegrar minnkunar í leyfilegum þorskafla í kjölfar skýrslu Hafrannsóknarstofnunarinnar um slæma stöðu þorskstofnsins við Íslandsstrendur. Veiðin tók þó fljótlega við sér og náði hámarki sem hlutfall af heimsafla árið 1993.

Athyglisvert er að þrátt fyrir nær stöðugan samdrátt í þorskafla Íslendinga frá árinu 1987 þá hefur hlutfall veidds þorsks íslenskra lögaðila af heimsafla í þorski á sama tíma hækkað verulega, ef frá eru talin stutt tímabil á tíunda áratugnum og síðasta skerðing þorskaflans árið 2007. Þetta ætti að vera til marks um að á síðustu áratugum hafi tekist að vernda þorskstofnana við Íslandsstrendur hlutfallslega betur en annars staðar í heiminum.





---

## Efnisyfirlit – II. hluti

|   |    |
|---|----|
| Frumvarp um nýja fiskveiðilöggjöf .....           | 38 |
| Nýtingarsamningar til 15 ára – áhrif óvissu ..... | 40 |
| Minni hvati til fjárfestingar.....                | 40 |
| Bann við varanlegu framsali aflahlutdeildar ..... | 43 |
| Hækkun veiðigjalds.....                           | 45 |
| Misskipting byrða .....                           | 49 |
| Stækkun potta .....                               | 52 |
| Meiri afli í potta.....                           | 53 |
| Allir þurfa að leggja til aflaheimildir .....     | 55 |
| Áhrif frumvarpsins á nettó pottastöðu .....       | 57 |
| Reynsla af pottum .....                           | 57 |
| Erfið staða nýliða.....                           | 59 |
| Framtíð íslensks sjávarútvegs .....               | 60 |
| Ýmis hugtök.....                                  | 62 |
| Heimildir .....                                   | 63 |

## Frumvarp um nýja fiskveiðilöggjöf

Mikil óvissa ríkir í sjávarútvegi um þessar mundir þar sem breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu hafa verið boðaðar. Í byrjun júní voru fyrstu skrefin tekin þegar Alþingi samþykkti lög um breytingar á núverandi lögum um stjórn fiskveiða, eða hið svokallaða litla frumvarp (lög nr. 70/2011). Stærra frumvarp um fiskveiðistjórnunarkerfið, sem gæti falið í sér allsherjar umbreytingu á kerfinu, verður tekið fyrir á Alþingi nú í haust. Í þessum hluta er farið yfir kosti og galla frumvarps til nýrra laga um stjórn fiskveiða miðað við að frumvarpið yrði samþykkt í óbreyttri mynd.

### **Eftirfarandi tillögur um breytingar á kvótakerfinu er að finna í stóra frumvarpinu (þingskjal 1475):**

- **Til að undirstrika að fiskimið Íslands séu auðlind í óskoraðri þjóðareign** er lagt til að öll tvímæli séu tekin af um að eignarréttur fylgi veiðiheimildum með því að gera nýtingarsamninga til 15 ára við núverandi handhafa kvótans, með möguleika á framlengingu til 8 ára.
- **Varanlegt framsal aflahlutdeilda verði óheimilt.** Framsal aflamarks verði enn leyfilegt (magn aflans sem má veiða innan árs) en hlutfall aflamarks sem heimilt er að flytja af skipi verði lækkað úr 50% í 25% af úthlutuðum þorskígildum. Ekki verði lengur heimilt að flytja aflamark milli krókaflamarkskerfis og aflamarkskerfis.
- **Veiðigjaldið verði hækkað** og útreikningar á gjaldinu breytast. Lagt er til að gjaldið verði 19% af vergri hlutdeild fjármagns (EBITDA) fiskveiða.
- **Lagt er til að úthlutuðu heildaraflamarki (magn sem má veiða) verði skipt í 2 flokka** og falla samningar um nýtingu fiskimiðanna undir fyrsta flokkinn. Til annars flokks er úthlutað aflamarki án nýtingarsamninga og ráðstafað í hina sk. hluta eða „potta“. Ráðstöfun í pottana er tekin af heildaraflamarki (sem annars hefði farið óskipt í flokk 1) og fer t.a.m. 40-50% af allri aukningu í úthlutun þorsks, ýsu, ufsa og steinbíts á næstu 15 árum beint í pottana. Þá verður 15% skerðing annarra tegunda á næstu 15 árum og lagt er til að útgerðir leggi í potta m.v. úthlutuð heildarþorskígildi en ekki m.v. úthlutuð þorskígildi í tegundunum fjórum líkt og áður hefur verið
- **Óbein veðsetning aflaheimilda bönnuð.** Óheimilt verði að veðsetja kvóta fiskiskips á grundvelli samnings um nýtingarrétt kvótans. Núverandi veðsetningu verður þó ekki rift.

Ýmsar breytingar á kvótakerfinu hafa nú þegar tekið gildi með nýsamþykktum lögum (litla frumvarpinu)<sup>25</sup>. Þær snúa m.a. að aukningu á strandveiðikvóta og úthlutun heildaraflamarks, en sú breyting felur í sér að allir handhafar aflamarks (magn sem má veiða) eiga að standa undir því aflamarki sem varið er til strandveiðanna sem og til byggðakvóta og línuvílnunar (*núverandi*<sup>26</sup> pottar)<sup>27</sup>.

Hér áður voru það eingöngu handhafar kvóta í viðkomandi tegund (þorsk, ýsu, ufsa og steinbít) sem stóðu undir pottunum. Breytingar í litla frumvarpinu fela í sér að allir verða að leggja sitt af mörkum, óháð því hvaða fisktegundir þeim er heimilt að veiða í dag. Í þessu felst augljós óhagræðing í greininni þar sem þeir sem veiða aðrar tegundir en pottarnir miðast við gætu nú þurft að selja frá sér hluta af öðrum afla til að geta sett í pottinn. Þá er einnig að finna breytingar á veiðigjaldinu en gjaldið mun síðan hækka enn frekar ef stóra frumvarpið verður samþykkt í óbreyttri mynd í haust.

### **Breyting á lögum um stjórn fiskveiða**

*Fréttatilkynning sjávarútvegsráðuneytisins nr. 25/2011*

*Alþingi hefur samþykkt lög um breytingar á stjórn fiskveiða. Lagabreyting þessi er hluti af stærra endurskoðunarferli á fiskveiðistjórnun sem hefur meðal annars komið fram í innleiðingu strandveiða við Ísland, aukningu aflamarks til byggðaaðgerða og síðan með frumvarpi sem nú liggur fyrir hjá sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd þar sem innleidd eru ný lög um stjórn fiskveiða. Samkvæmt þeim lagabreytingum sem samþykktar voru sem lög frá Alþingi 11. júní 2011 eru heimildir til strandveiða auknar úr 6000 tonnum í 8500 tonn af óslægðum bolfiski. Þá var samþykkt að heimila aukningu aflaheimilda í skötusel, íslenskrri síld og norsk-íslenskrri síld sem úthlutað er gegn gjaldi. Umræddar breytingar taka þegar gildi en 1. september taka gildi eftirtaldar breytingar:*

- Stigið er skref í átt að jöfnun milli aflamarkshafa þar sem frádráttur aflamarkshafa vegna strandveiði, byggðahluta o.fl. sértækra úthlutana dregst nú að einum fjórða hluta jafnt af öllum aflamarkshöfum.*
- Í strandveiði er hert á reglum sem ætlað er að koma í veg fyrir að einn og sami aðili geri út marga báta í strandveiði.*
- Byggðahluti er aukinn um 2500 tonn á næsta fiskveiðiári.*
- Veiðigjald hækkar um 40%.*
- Af veiðigjaldi fara nú 15% til sveitarfélaga og er ráðstafað í gegnum fjárlög.*
- Heimilt er að auka veiðiheimildir stórra ferðaþjónustubáta í allt að 300 tonn.*

<sup>25</sup> Alþingi (2011a) & Sjávarútvegsráðuneytið (2011d)

<sup>26</sup> Ýmsar leiðir hafa verið farnar fram að þessu til að hafa áhrif á úthlutun milli landshluta, t.d. með bótum og byggðauthlutunum, og hefur línuvílnun m.a. verið notuð til að hvetja til umhverfisvænni veiða. Sérúthlutun úr slíkum pottum er því ekki beint ný af nálinni, en í tillögðu frumvarpi (þingskjali 1475) er lagt til að þessir pottar verði stækkaðir umtalsvert. Þar að auki á að breyta því hvornig framlag í pottana leggst á útgerðir.

<sup>27</sup> Í nýjum lögum er þó gert ráð fyrir að frádráttur aflamarkshafa vegna strandveiði, byggðahluta ofl. sértækra úthlutana dragist eingöngu að einum fjórða hluta jafnt af öllum aflamarkshöfum fiskveiðiárið 2011/2012.

## Nýtingarsamningar til 15 ára – áhrif óvissu

### Úr 6. gr. þingskjals 1475 (stóra fiskveiðistjórnunarfrumvarpið)

Útgerðir, sem úthlutað hefur verið aflahlutdeild og eða krókaafلامarkshlutdeild á fiskveiðiárinu 2010/2011 og uppfylla skilyrði 5. gr., skulu eiga rétt á samningum um nýtingarleyfi á aflaheimildum. Heimilt er við samningsgerð að taka tillit til fjárhagsstöðu útgerðar, þ.m.t. skil á greiðslum opinberra gjalda, og að í gildi séu kjarasamningar við áhafnir.

Samningur um nýtingarleyfi skal í upphafi að hámarki vera til fimmtán ára. Hafi samningaðili staðið við allar samningsskuldbindingar sínar skal hann eiga rétt á viðræðum um endurskoðun og framlengingu samnings sem hefja skal sex árum fyrir lok gildistíma samnings en ljúki eigi síðar en fimm árum fyrir lok gildistíma samnings.

Með fyrirvara um heimild Alþingis til frekari breytinga á fiskveiðistjórnunarkerfinu og að forsendur samnings um nýtingarleyfi hafi ekki breyst er heimilt að framlengja samning um átta ár.

Fiskistofa annast samningsgerð í umboði ráðherra.

Öll óvissa hefur áhrif á ákvarðanir fyrirtækja sem og lánveitingar fjármálastofnana til fyrirtækja. Fyrirtæki í sjávarútvegi eru háð aðgangi að fiskveiðiauðlindinni og er því ljóst að 15 ára samningstími um nýtingu auðlindarinnar er of stuttur. Möguleikar sjávarútvegsfyrirtækja til lántöku byggja á rekstrargrundvelli fyrirtækjanna sem er í beinu sambandi við möguleika þeirra á nýtingu fiskimiðanna. Þá ráðast fjárfestingar fyrirtækjanna af langtímaáætlunum þeirra. Tímalengdin mun því skapa óvissu í sjávarútvegi þar sem undirstöðu rekstrar sjávarútvegsfyrirtækja, aðgangi að auðlindinni, eru settar nýjar skorður. Þó að arðsemi í sjávarútvegi hafi aukist á síðustu árum þá hefur afkoma í greininni ætíð verið sveiflukennd sökum aflabragða. Fram að þessu hafa útgerðir þó a.m.k. getað treyst á aðgang að auðlindinni. Þar að auki eru möguleikar samningaðila á framlengingu samnings til 8 ára óljósir. Í 6. grein frumvarpsins (þingskjal 1475) kemur fram að möguleikar á framlengingu samnings séu háðir því að staðið sé við samningsskuldbindingar en engin fyrirheit eru hins vegar gefin um framlengingu. Þá má benda á að í frumvarpinu er engin skýr umfjöllun um hvað muni taka við eftir að fyrstu lotu nýtingarsamninga lýkur.


### Minni hvati til fjárfestingar

Þeim rökum hefur verið beitt í umræðunni um auknar álögur á sjávarútveginn og uppstokkun kvótakerfisins að lítið hafi verið fjárfest í greininni, m.v. aukna skuldsetningu og arðsemi, ef frá eru taldar áhættufjárfestingar (s.s. hlutabréfakaup). Þá hafi arður af fiskveiðiauðlindinni runnið út úr greininni í formi arðgreiðslna og sölu á kvóta. Því þurfi að leita leiða til að koma í veg fyrir áframhaldandi þróun með því að takmarka möguleika á veðsetningum og „kvótabraski“.

Breyting á fjárfestingu í rekstrarfjármunum, t.d. skipum og tækjum, getur átt sér margar skýringar. Annars vegar getur framlegð og skuldsetning fyrirtækjanna haft þar áhrif. Hins vegar liggur fyrir að væntingar um þróun á úthlutaðu aflamarki skipta miklu máli. Á mynd 48 má sjá þróun úthlutaðs aflamarks í þorski frá því að kvótakerfinu var komið á legg.


Þorskurinn er verðmæt botnfisktegund og getur verð á þorski, sem og úthlutað aflamark þorsks, haft mikil áhrif á ákvarðanir sjávarútvegsfyrirtækja, t.a.m. varðandi fjárfestingar

í rekstrarfjármunum. Tveir fyrstu áratuginir eftir innleiðingu kvótakerfisins á Íslandi einkenndust af hæðum og lægðum í þorskaflanum til skiptis. Þorskafla var mikill á síðari hluta níunda áratugar síðustu aldar, en stórir árgangar árin 1983-84 vógu þar þungt. Aflinn var minnkaður niður í 150 þús. tonn haustið 1993. Þremur árum síðar jókst úthlutunin á ný.



Mynd 48  
Heimild: Fiskistofa

Eftir léleg aflabrogð um miðjan tíunda áratug síðustu aldar tók við betri tíð í lok áratugarins og mátti merkja mikla fjárfestingu í varanlegum rekstrarfjármunum sjávarútvegsfyrirtækja. Fyrirtækin hafa því séð hag sinn í að fjárfesta í ljósi breyttra og betri aðstæðna í greininni í kjölfar aukins aflamarks í þorski. Fjárfesting var enn töluverð fram að aldamótunum en dróst saman á ný þegar úthlutað aflamark tók aftur að minnka.



Mynd 49  
Heimild: Ársreikningar fyrirtækja, Fiskistofa & Greiningardeild Arion banka

Ímyndum okkur að fiskveiðiárið 2002/2003 hafi verið að ganga í garð. Aflamark þorsks hefur verið í töluverðri lægð á síðustu árum og búast því margir við aukningu í aflamarki. Ári síðar er síðan aukið við aflamarkið. Árið 2003 hefði sagan því sagt okkur að framundan væri áframhaldandi aukning. Það getur verið að auknar fjárfestingar íslenskra útgerða á þessu tímabili hafi tengst væntingum um aukið aflamark. Árið 2006 var hins vegar ljóst að aukningin í afla yrði ekki jafnmikil og við var búist, en fjárfesting dróst saman í kjölfarið. Ári síðar féll fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum enn frekar, en þá hafði verið tilkynnt um umtalsverða skerðingu í þorskaflanum.

---

Eins og greint er frá í hluta I þá voru fjárfestingar í hluta- og verðbréfum miklar árið 2007; þetta átti reyndar ekki aðeins við um sjávarútveginn því almennt var mikið um fjárfestingar bæði hjá einstaklingum og fyrirtækjum í slíkum bréfum. Hins vegar má leiða að því líkur að sjávarútvegsfyrirtækin hafi ekki séð hag sinn í að fjárfesta meira í framleiðslutækjum um sinn vegna óvissu í úthlutun aflamarks og gripið því til þess ráðs að ráðstafa aukinni framlegð sinni í annars konar fjárfestingu þar sem væntingar um meiri arðsemi *virtust* vera til staðar. Frá árinu 2008 hafa útgerðir, þrátt fyrir mjög gott árferði, hins vegar dregið úr eða hætt við fjárfestingar bæði í skipum og fiskvinnslu. Ein meginskýring á lítilli fjárfestingu innan geirans á síðustu árum má rekja til þeirrar óvissu sem nú ríkir um framtíð fiskveiðistjórnunar í landinu en eðli málsins samkvæmt er öll óvissa til þess fallin að draga úr frekari fjárfestingu. Ekki er ólíklegt að þessi þróun haldi áfram ef marka má fyrri viðbrögð greinarinnar við slíku óvissuástandi.

## Bann við varanlegu framsali aflahlutdeilda


### Úr 7. gr. þingskjals 1475 (stóra fiskveiðistjórnunarfrumvarpið)

Varanlegt framsal aflahlutdeilda er óheimilt.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er framsal aflahlutdeilda heimilt sem hér segir:

1. Framsal aflahlutdeilda milli skipa í eigu sama aðila, einstaklings eða lögaðila.
2. Framsal aflahlutdeilda milli ótengdra aðila er þó heimilt, með þeim takmörkunum að um jöfn skipti sé að ræða milli aðila í þorskígildum talið.
3. Krókaafلامarkshlutdeild verður aðeins flutt til báts sem er undir 15 brúttótonnum, enda hafi hann veiðileyfi með krókaafلامarki. Aðrar aflahlutdeildir verða ekki fluttar til báta með krókaafلامark.

Eins og greint er frá í hluta I hefur mikil hagræðing orðið í sjávarútvegi frá því að framsal aflaheimilda var leyft í byrjun tíunda áratugarins. Með því að banna framsal aflaheimilda er komið í veg fyrir að þeir aðilar sem standa betur að vígi geti orðið sér út um kvóta. Með þessum hætti er því líklegt að bann við varanlegu framsali dragi úr hagkvæmni í sjávarútvegi. Meðfylgjandi mynd sýnir hvernig afkoma innan greinarinnar breyttist eftir að framsal aflahlutdeilda var leyft.



Aftur á móti gæti bann við framsali aflaheimilda einnig orðið til þess að smærri fyrirtæki sameinist. Ef meðalstór eða minni fyrirtæki geta ekki orðið sér úti um aflaheimildir, líkt og hagkvæmur rekstur fyrirtækja þeirra krefðist, gætu þau þurft að sameinast öðru fyrirtæki til að geta nýtt aflaheimildir þess. Bannið gæti því aukið hagræði í sjávarútvegi, en í þessu tilviki væri það á kostnað smærri fyrirtækja. Ef tilgangur bannsins er að koma í veg fyrir að aflaheimildir safnist á hendur fárra aðila má benda á að nú þegar eru takmarkanir á hversu miklar aflaheimildir útgerð má hafa til ráðstöfunar<sup>28</sup>. Þetta mun því að öllum líkindum hafa mest áhrif á þau fyrirtæki sem eiga möguleika á aukinni hagræðingu í rekstri, fyrirtæki sem enn eru að stækka og með umframafkastagetu en eru ekki komin í aflahlutdeildarhámarkið.

Að mati greiningardeildar er eitthvað athugavert við að banna eigi framsal aflaheimilda en leyfa áfram framsal aflamarks. Það hefur löngum legið fyrir að varanlegt framsal aflaheimilda hefur auðveldað fyrirtækjum að hagræða í greininni og er forsenda þess að

<sup>28</sup> Samanber 17. gr. í tillögðu frumvarpi, þingskjali 1475, og 13. gr. í fiskveiðilögum sem nú eru í gildi.

---

kvótinn sé nýttur á hagkvæman hátt. Með aflahlutdeildarhámarki er komið í veg fyrir að aflahlutdeildir safnist á hendur of fárra aðila. Með framsali aflamarks er hins vegar mögulegt að fá tekjur af hluta kvótans án þess að veiða hann. Oftast eru það smærri útgerðaraðilar sem hafa ekki aflaheimildir til umráða sem leigja af öðrum í greininni. Þessir aðilar munu t.a.m. eiga rétt á að leigja kvóta úr leiguhluta sem lagt hefur verið til í umræddu frumvarpi að verði stofnaður og því gætu minni útgerðir leigt af ríkinu fremur en af útgerðum sem nýta ekki kvóta sinn.



## Hækkun veiðigjalds

### Úr 25. gr. þingskjals 1475 (stóra fiskveiðistjórnunarfrumvarpið)


...Aflaverðmæti skv. 2. mgr. skal margfalda með sama hlutfalli og hlutfall vergrar hlutdeildar fjármagns (EBITDA) af tekjum nemur í nýjasta rekstraryfirliti fiskveiða sem Hagstofa reiknar og birtir.

Þeirri upphæð sem þannig fæst skal skipt jafnt á aflamagn sama tímabils umreiknað til þorskígilda miðað við þorskígildisstuðla næsta fiskveiðiárs, sbr. 23. gr. Veiðigjald komandi fiskveiðiárs skal síðan reiknað sem 19% af þeirri niðurstöðu og lagt í krónum á þorskígildiskílógramm.

Ráðherra er heimilt að taka tillit til mismunandi framlegðar útgerðarflokka við ákvörðun veiðigjalds, sbr. rekstraryfirlit fiskveiða sem Hagstofa Íslands reiknar og birtir.

Á tímabilinu 2004 til 2009 greiddu útgerðir að meðaltali um 1% af tekjum fiskveiða í veiðigjald. Fiskveiðiárið 2010/11 var hlutfallið orðið 2%<sup>29</sup>. Á mynd 51 má sjá hverju veiðigjaldið skilar til ríkissjóðs á næstu tveimur fiskveiðiárum. Veiðigjaldið gæti orðið 19% af EBITDU veiða, eða sem nemur 4,3% af tekjum fiskveiða<sup>30</sup>, fiskveiðiárið 2012/13 ef ákvæði um hækkun veiðigjalds í nýju frumvarpi um stjórn fiskveiða verður samþykkt í óbreyttri mynd á yfirstandandi löggjafarþingi.

Við fyrstu sýn virðist sem hér sé e.t.v. ekki um miklar breytingar að ræða, hvort sem litið er á áhrif minna eða stærra frumvarpsins, en hækkunin gæti numið tæpu 1% af tekjum fiskveiða milli fiskveiðiáranna 2010/2011-2011/2012 og um 1,5% milli áranna þar á eftir. Í heild eru þetta því um 1,3 ma. kr. viðbótargjald sem leggst á greinina sem skilar sér til ríkissjóðs milli fiskveiðiáranna 2010/2011 og 2011/2012, og 2,3 ma. kr. aukning árið þar á eftir.



Mynd 51  
Heimild: Hagstofa Íslands, Sjávarútvegsráðuneytið (2011b, 2011c) & Greiningardeild Arion banka


Hins vegar þarf að skoða þessar breytingar í víðara samhengi enda er hugmyndin með hækkun veiðigjaldsins að sjávarútvegurinn skili stærri hluta af auðlindarentu sjávarútvegsins til þjóðarinnar. Í ljósi þessa er áhugavert að skoða hversu mikið svigrúm sjávarútvegurinn hefur til að taka á sig frekari gjaldhækkunir.

<sup>29</sup> Sjá mynd 32 í hluta I.

<sup>30</sup> Samkvæmt útreikningum greiningardeildar.

Á síðastliðnum áratug voru afborganir skulda hjá stærstu sjávarútvegsfyrirtækjunum að meðaltali um 8% af heildarskuldum þeirra á ári hverju og má áætla að svipað hlutfall gildi um meðalstór og minni fyrirtæki í greininni. Greiningardeild hefur metið afborganir skulda út frá sögulegu hlutfalli afborgana af skuldum – þ.e. 7% til 10% - en hlutfallið var hæst árið 2004 og lægst árið 2007. Þann fyrirvara þarf þó að hafa að hlutfallið getur að sjálfsgöðu sveiflast milli útgerða, en til samanburðar er sett fram næmnigreining fyrir neðan hverja mynd m.v. mismundandi forsendur um hlutfall afborgana af skuldum. Myndir 52-54 lýsa þróun afborgana meðal sjávarútvegsfyrirtækja á síðustu árum.<sup>31</sup>

Athyglisvert er að svo virðist sem sjávarútvegurinn í heild hafi eingöngu skilað nægjanlegri framlegð á árunum 2006, 2007 og 2009 til að mæta afborgunum skulda sinna. Hins vegar ef tekið er mið af gjaldstofni veiðigjaldsins<sup>32</sup> þá er útlit fyrir að á síðustu árum hafi ekkert verið til skiptanna – þar sem afborganir skulda hafa verið hærri en sem nemur gjaldstofni veiðigjaldsins.



**Sjávarútvegur: EBITDA - afborganir**

| M. kr. | 2004   | 2005   | 2006   | 2007   | 2008   | 2009   |
|--------|--------|--------|--------|--------|--------|--------|
| 2%     | 14.811 | 15.371 | 26.133 | 18.224 | 36.305 | 52.291 |
| 4%     | 10.633 | 10.374 | 20.321 | 11.730 | 25.025 | 41.020 |
| 6%     | 6.455  | 5.378  | 14.509 | 5.237  | 13.744 | 29.750 |
| 8%     | 2.277  | 381    | 8.697  | -1.257 | 2.463  | 18.479 |
| 10%    | -1.901 | -4.616 | 2.885  | -7.750 | -8.818 | 7.209  |

Tafla 2  
Heimild: Ársreikningar fyrirtækja, Hagstofa Íslands & Greiningardeild Arion banka

<sup>31</sup> Afborganarhlutfallið getur verið mismunandi milli ára og ekki er gert ráð fyrir að eitt afborganarhlutfall, s.s. 6% eða 8%, gildi öll árin. Tölflurnar sýna því einfaldari mynd af sögulegri þróun afborgana en myndir 52-54, en gefa þó grófa hugmynd um hvað gæti verið eftir til að ráðstafa í fjárfestingar.

<sup>32</sup> Gróft mat á auðlindarentu.

**Sjávarútvegur 2009****EBITDA - afborganir - veiðigjald m. kr.**

| Afborgun | Gjald | Litla frumvarp      | Stóra frumvarp      |
|----------|-------|---------------------|---------------------|
|          |       | 9,46 kr/þorskíg. kg | 19% af EBITDU 2011* |
| 2%       |       | 51.262              | 50.591              |
| 4%       |       | 39.992              | 39.320              |
| 6%       |       | 28.721              | 28.050              |
| 8%       |       | 17.451              | 16.780              |
| 10%      |       | 6.181               | 5.509               |


Tafla 3

\*EBITDA spá 2011

Heimild: Ársreikningar fyrirtækja, Hagstofa Íslands &amp; Greiningardeild Arion banka

Í töflu 3 er búið að taka tillit til afborgana og veiðigjalds fyrir árið 2009. Ef miðað er við 8% afborganir og 9,46 kr. veiðigjald á þorskígildiskílógramm væri um 17 ma.kr. afgangur eftir af framlegð sjávarútvegs sem mögulegt væri að ráðstafa í fjárfestingar. Mesta fjárfesting stærstu fyrirtækjanna í sjávarútvegi var árið 2007, þegar fjárfest var fyrir 10 ma.kr., en að meðaltali fjárfestu stærstu fyrirtækin fyrir um 8 ma. kr. á ári á síðastliðnum áratug<sup>33</sup>. Ef miðað er við 10% afborgun myndi afgangurinn af framlegð sjávarútvegsins þó ekki duga fyrir aukinni fjárfestingu meðal stærstu fyrirtækja, hvað þá nauðsynlegri fjárfestingu allra sjávarútvegsfyrirtækja.

Ef stærstu fyrirtækin í sjávarútvegi (18 stærstu) eru aðskilin greininni í heild lítur myndin þó öðruvísi út.



Mynd 53

Heimild: Ársreikningar fyrirtækja, Hagstofa Íslands &amp; Greiningardeild Arion banka

**18 stærstu: EBITDA - afborganir**

| M. kr. | 2004   | 2005   | 2006   | 2007   | 2008   | 2009   |
|--------|--------|--------|--------|--------|--------|--------|
| 2%     | 11.749 | 12.417 | 23.859 | 23.940 | 37.802 | 41.121 |
| 4%     | 9.450  | 9.889  | 20.492 | 19.824 | 31.602 | 34.924 |
| 6%     | 7.152  | 7.361  | 17.124 | 15.709 | 25.402 | 28.727 |
| 8%     | 4.853  | 4.833  | 13.757 | 11.593 | 19.202 | 22.530 |
| 10%    | 2.554  | 2.305  | 10.389 | 7.478  | 13.002 | 16.333 |

Tafla 4

Heimild: Ársreikningar fyrirtækja, Hagstofa Íslands &amp; Greiningardeild Arion banka

<sup>33</sup> Sjá kafla um fjárfestingu í hluta I.


Stærri fyrirtækin hafa skilað góðri framlegð á síðustu árum og virðast því hafa haft forsendur til að mæta afborgunum á skuldum sínum á síðustu árum (þetta á þó aðeins við árin 2006-2009 ef miðað er við gróft mat á auðlindarentunni, þ.e. gjaldstofni veiðigjaldsins).



Tafla 5

Heimild: Ársreikningar fyrirtækja, Hagstofa Íslands & Greiningardeild Arion banka

Það sama gildir hins vegar ekki um meðalstóru og minni fyrirtækin en framlegð þeirra á síðustu árum bendir til þess að þau hafi ekki einu sinni átt fyrir afborgunum, sem hér er miðað við, hvað þá þegar veiðigjaldinu hefur verið bætt við.



Mynd 54

Heimild: Ársreikningar fyrirtækja, Hagstofa Íslands & Greiningardeild Arion banka

**Meðalstórar og minni útgerðir: EBITDA - afborganir**

| M. kr.       | 2004   | 2005   | 2006   | 2007    | 2008    | 2009   |
|--------------|--------|--------|--------|---------|---------|--------|
| Afborgun 2%  | 3.062  | 2.955  | 2.274  | -5.716  | -1.496  | 11.170 |
| Afborgun 4%  | 1.183  | 486    | -171   | -8.094  | -6.577  | 6.096  |
| Afborgun 6%  | -697   | -1.983 | -2.615 | -10.472 | -11.658 | 1.023  |
| Afborgun 8%  | -2.576 | -4.452 | -5.060 | -12.850 | -16.739 | -4.051 |
| Afborgun 10% | -4.455 | -6.921 | -7.505 | -15.228 | -21.820 | -9.124 |

Tafla 6

Heimild: Ársreikningar fyrirtækja, Hagstofa Íslands & Greiningardeild Arion banka

### Meðalstórar og minni útgerðir 2009 EBITDA - afborganir - veiðigjald m. kr.

*Litla frumvarp*

| Gjald       | 9,46 kr/þorskíg. kg |
|-------------|---------------------|
| Afborgun 2% | 10.883              |
| 4%          | 5.809               |
| 6%          | 736                 |
| 8%          | -4.338              |
| 10%         | -9.411              |


Tafla 7

Heimild: Ársreikningar fyrirtækja. Hagstofa Íslands &amp; Greiningardeild Arion banka

### Misskipting byrða

Ljóst er að boðaðar hækkningar á veiðigjaldinu munu hafa misíþyngjandi áhrif á greinina eftir því hvort litið er til stærri eða minni fyrirtækja, líkt og greining hér að framan gaf til kynna, sem og hvers konar veiðar útgerðirnar stunda. Kostir veiðigjalds sem leið til að auka framlag sjávarútvegs til ríkissjóðs er að gjaldið fellur til sem kostnaður hjá fyrirtækjum í greininni og mun því líklega ekki hafa brenglandi áhrif á starfsskiptir núverandi fyrirtækja. Hins vegar ber að vekja athygli á því að aukna arðsemi í sjávarútvegi á síðustu árum má að mestu leyti rekja til aukinnar arðsemi stærstu fyrirtækjanna. Minni fyrirtæki eru viðkvæm fyrir aukinni gjalddöku og mörg þeirra eiga vart fyrir afborgunum af lánnum sínum, en aukin gjalddöku mun einnig hafa áhrif á svigrúm stærri fyrirtækja til að fjárfesta.

### Veiðigjald leggst misþungt á útgerðir



Mynd 55

Skipting fyrirtækja eftir aflahlutdeild:

\*2 fyrirtæki í topp 30, önnur í topp 20.

\*\*Öll í topp 40

\*\*\*7 fyrirtæki í topp 20, önnur í topp 30

\*\*\*\*Öll í topp 20


Heimild: Sjávarútvegsráðuneytið (2011c), Fiskistofa, ársreikningar fyrirtækja &amp; Greiningardeild Arion banka

Að mati greiningardeildar er einnig eitthvað athugasvert við að leggja sama gjald á allar útgerðir óháð því hvers konar starfsemi fer þar fram. Mikill munur er t.a.m. á kostnaðaruppbyggingu fyrirtækja í botnfiskveiðum annars vegar og uppsjávarveiðum hins vegar. Þá er almennt ekki jafn kostnaðarsamt að veiða hinar ýmsu fisktegundir. Með því að ákvarða upphæð veiðigjalds út frá heildararðsemi allra útgerða og leggja gjaldið jafnt á allar útgerðir - á grundvelli þorskígilda - er hvorki tekið tillit til þess að arðsemi er

mjög breytileg milli útgerðarflokka né til þess að hún sveiflast með ólíkum hætti frá ári til árs. Jafnframt byggir slíkt fyrirkomulag á þeirri forsendu að þorskígildi sé raunhæfur mælikvarði á þann mun sem er í afkomu í veiðum ólíkra tegunda. Þetta er hæpið, enda er varla hægt að halda því fram með vissu að þorskígildin mæli hlutfallslegt verðmæti m.v. þorsk, eins og þau eiga að gera. Þorskígildi eru metin út frá verði á markaði, en misjafnt er hversu stór hluti afla fer fyrst á markað og hversu stór hluti er að mestu fullunninn hjá fyrirtækjum sem reka bæði veiðar og vinnslu. Fyrirtæki í uppsjávarveiðum vinna t.a.m. mest af afla sínum sjálf. Í þennan flokk falla nær allar uppsjávarveiðar. Mat á verði á uppsjávarfiski ber því að taka með ákveðnum fyrirvara.

Greiningardeild hefur reiknað út byrðina af veiðigjaldinu fyrir nokkur fyrirtæki í sjávarútvegi, flokkuð eftir því hvers konar veiðar útgerðirnar stunda. Af mynd 55 sést að gjaldið leggst þyngst á minnstu fyrirtækin, en arðsemi þeirra er að jafnaði mun minni en arðsemi stærri fyrirtækja. Þar sem gjaldið er lagt á þorskígildiskiló geta fyrirtæki sem skilað hafa lítilli arðsemi en eru handhafar mikilla aflaheimilda þurft að greiða hærra veiðgjald en þau ráða við. Samkvæmt útreikningum leggst veiðigjaldið þyngst á minni fyrirtæki í uppsjávarveiði. Þess ber þó að geta að 18 stærstu fyrirtækin í sjávarútvegi hafa um 96% af uppsjávarkvótanum til ráðstöfunar og er því ljóst að „minnstu“ fyrirtækin í uppsjávarflokknum eru stór fyrirtæki á almennan mælikvarða. En þrátt fyrir sterka stöðu innan sjávarútvegsgreinarinnar og mikla arðsemi gæti byrðin vegna veiðigjaldsins lagst þyngst á þessi fyrirtæki. Stærstu fyrirtækin í uppsjávarveiðum virðast samkvæmt útreikningum finna minnst fyrir veiðigjaldinu, en hér ber að vekja athygli á því að þetta eru allt fyrirtæki í efstu sætum lista yfir stærstu og arðsömustu útgerðir á Íslandi. Hærrí arðsemi þessara fyrirtækja dregur e.t.v. úr áhrifum gjaldsins á afkomu þeirra.

Á mynd 56 má sjá kostnað fyrirtækja í sjávarútvegi eftir því hvers konar starfsemi fer þar fram – hvort notast er við frystitogara eða loðnuskip vegna uppsjávarveiða eða hvort um smábátaútgætur er að ræða. Hér sést að sveiflur í kostnaði eru mestar hjá fyrirtækjum sem gera út loðnuskip – þ.e.a.s. stunda uppsjávarveiðar.



Mynd 56  
Heimild: Hagstofa Íslands

Þá er rekstur loðnuskipa einnig kostnaðarsamur, en mesti kostnaðurinn virðist fylgja ísfisktogurum. Útgerðir sem reka frystitogara virðast aftur á móti að bera minnstan


---

kostnað, og eru sveiflur í kostnaði þeirra jafnframt litlar. Því er ljóst að uppsjávarveiðarnar virðast hvað kostnaðarsamastar. Þetta kemur heim og saman við fyrri athuganir sem gáfu til kynna að veiðigjaldið legðist þyngst á þær útgerðir sem stunduðu uppsjávarveiðar og minni útgerðir. Ef gjöld eru þegar hátt hlutfall af tekjum útgerðanna mun enn meiri gjaldtaka vega hlutfallslega þyngra á þessum útgerðum en öðrum.

## Stækkun potta

Í frumvarpinu eru tillögur um hluta eða „potta“<sup>34</sup> (strandveiði-, byggða-, leigu-, línuvílnunar- og bótapott), eða stækkun þeirra. Þessir pottar heyra ekki undir samninga um nýtingu fiskimiðanna en aflamarkið sem rennur í pottana er tekið af heildaraflamarki (sem annars hefði farið óskipt til handhafa nýtingarsamninganna).

Á myndum 57 og 58 má sjá hvernig skipting byggðakvóta hefur verið á undanförunum árum sem og skipting strandveiðiverðmætis milli landshluta. Þá hafa gögn um fjölda línubáta á landinu verið tekin saman en þau gætu gefið grófa mynd af því hvernig línuvílnun skiptist milli landshluta.




Eins og bent var á í kafla um úthlutað aflamark í hluta I ber að nefna að mörg sjávarútvegsfyrirtæki eru með starfsemi víðsvegar um landið og því segir úthlutað aflamark eftir landshlutum ekki alla söguna. Fyrirvara þarf að hafa á því hvernig verðmæti aflans skiptist eftir landshlutum út frá úthlutuðu aflamarki. Fiski er oft landað og hann unninn í öðrum landshluta en þar sem aflamarkinu var úthlutað. Stór hluti aflaverðmætis getur því runnið til annarra landshluta en þess þar sem aflanum var upphaflega úthlutað. Það er því ekki sjálfgefið að öll arðsemin af starfseminni renni til þess landshluta sem fékk aflanum úthlutað. Stærstu útgerðir sem gera út togara eru t.a.m. ekki jafnháðar því hvar fiskurinn veiðist og minni útgerðir sem geta oft á tíðum einungis sótt sjó frá þeim landshluta þar sem þær eru skráðar. Stærri útgerðir eru því sveigjanlegri þegar kemur að veiðum og vinnslu og hefur samþjöppun í sjávarútvegi á síðustu árum því skilað aukinni arðsemi, eins og áður hefur verið vikið að. Stærri útgerðir skapa gjarnan störf víða um landið og telja sig því starfa á landsvísu frekar en innan ákveðins héraðs.

Vel rekið og arðsamt fyrirtæki skilar þó óneitanlega miklum verðmætum til þess landshluta sem það starfar í og gefur þessi skipting því grófa mynd af því hvernig verðmætið af úthlutuðum afla skiptist. Varðandi áhrif potta á úthlutað aflamark landshluta þá liggur fyrir að þar sem hreinn hagnaður af fiskveiðunum og vinnslunni rennur til fyrirtækisins sem fékk úthlutað aflamark hefur skerðing aflaheimilda bein áhrif á hagnað fyrirtækjanna. Þetta gæti hins vegar haft umfangsmeiri áhrif en neðangreind greining gefur til kynna, því skerðing aflaheimilda hefur einnig áhrif á aðra landshluta en

<sup>34</sup> Í 3. gr. þingskjals 1475 er lagt til að afla sé skipt í tvo flokka, þar sem pottarnir/hlutarnir falla undir flokk 2. Um einstaka potta er m.a. fjallað um í 10., 14. og 15. gr. tillagðs frumvarps.



fyrirtækið er skráð í ef það er með starfsemi í öðrum landshlutum, svo sem vinnslu. Greiningin tekur ekki tillit til þessara hliðaráhrifa. Óbeinu áhrifin af skerðingu aflaheimilda, svo sem áhrif á atvinnustig, gætu því náð til fleiri landshluta. Að mati greiningardeildar er almennur tilflutningur aflaheimilda og röskun á rekstrarumhverfi útgerðanna mesta áhyggjuefnið. Hvaðan og hvert aflaheimildirnar eru fluttar skiptir útgerðirnar að sjálfsögðu máli, en skerðingin mun hafa áhrif á alla landshluta vegna þeirra óvissu sem tilflutningur aflaheimilda hefur í för með sér. Þeim afla sem fer í pottana er eingöngu úthlutað tímabundið og aflaheimildunum fylgir því talsverð óvissa.



Mynd 58

Heimild: Hagstofa Íslands, Fiskistofa &amp; skipaskrá sax.is

## Meiri afli í potta

### Úr 3. gr. þingskjals 1475 (stóra fiskveiðistjórnunarfrumvarpið)

...Frá og með fiskveiðiárinu 2011/2012 er ráðherra heimilt að skipta úthlutuðum heildarafla í einstaka flokka og hluta sem hér segir:

1. Flokkur 1: Samningar um nýtingarleyfi á aflaheimildum.
2. Flokkur 2: Aflamagn sem úthlutað er án nýtingarsamninga sem ráðherra ráðstafar árlega í eftirtalda hluta:
  - a. Strandveiðihluta, sbr. 10. gr.
  - b. Byggðahluta, sbr. 14. gr.
  - c. Leiguhluta, sbr. þessa grein.
  - d. Línuvinnunarluta, sbr. 15 gr.
  - e. Bótahluta, sbr. 14. gr.

**Úr þingskjali 1475 - Aths. við 3. gr.**

...Skipting milli flokka 1 og 2 skal gerast þannig að á því fiskveiðiári þegar nýtt fyrirkomulag tekur gildi skulu 4% af þorskígildum þeirra fisktegunda sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra úthlutar heildarafla í renna til flokks 2, að undanskildum afla í þorski, ýsu, ufsa og steinbít, en um hann gilda sérreglur. Á næstu fjórtán fiskveiðiárum þar á eftir skulu 0,79% af þorskígildum flytjast úr flokki 1 í flokk 2 á hverju ári þar til 85% þorskígilda fisktegunda, annarra en þorsks, ýsu, ufsa og steinbíts (sjá töflu 8), eru í flokki 1 og 15% í flokki 2 að jafnaði.

| Aflaúthlutun fer í potta ef:      | Þorskur | Ýsa    | Ufsi   | Steinbítur |
|-----------------------------------|---------|--------|--------|------------|
| Leyfilegur heildarafla (lestir) > | 160.000 | 50.000 | 50.000 | 12.000     |

**Hlutfall aukningar milli ára sem fer í potta:**

|   |     |     |     |     |
|---|-----|-----|-----|-----|
| i) heildarafla < meðalafli 1990/1991 - 2010/2011  | 45% | 45% | 45% | 45% |
| ii) heildarafla > meðalafli 1990/1991 - 2010/2011 | 50% | 50% | 50% | 50% |

Tafla 8  
Heimild: Alþingi (2011a)

Erfitt er að áætla hversu mikill afli gæti runnið í flokk 2 (pottana) vegna sérákvæðis 3. greinar um ráðstöfun aukningar í þorski, ýsu, ufsa og steinbít í potta, samanber töflu 8. Slík óvissa mun gera útgerðum erfitt fyrir að bregðast við yfirvofandi skerðingu. Aflamark í tegundunum fjórum sem rennur í pottana er háð því hvernig þróun heildaraflamarks í þessum tegundum verður á næstu árum.

Greiningardeild hefur skoðað mögulega breytingu á stöðu útgerða eftir landshlutum ef aukningu aflamarks í þorski, ýsu, ufsa og steinbít verður ráðstafað að hluta í flokk 2 (aflamark í potta) í stað þess að hún renni í heild sinni í flokk 1 (aflamark fyrir nýtingarsamninga)<sup>35</sup>. Ef eingöngu er litið til skerðingar á afla sem rennur í seinni flokkinn þá má áætla að útgerðir sem hafa yfir að ráða umtalsverðum aflaheimildum í framangreindum tegundum muni verða fyrir mikilli hlutfallslegri skerðingu vegna ákvæða í 3. grein frumvarpsins<sup>36</sup>. Vestfirðir og Reykjanes eru dæmi um landshluta sem eiga mikið undir í þorski, ýsu, ufsa og steinbít. Hins vegar þarf að taka tillit til þess hversu mikið landshlutar gætu fengið til baka úr pottunum til að fá raunhæfari mynd af því hvernig skerðing aflaheimilda vegna 3. greinar gæti dreifst milli landshluta. Hér er því skoðuð nettó pottastaða.


**Nettó pottastaða:****Úthlutun til landshluta úr pottum - Afli landshluta sem rennur í potta**

Ef tekið er tillit til mögulegrar úthlutunar (miðað við reynslu síðustu ára) úr byggða-, strandveiði- og línuvildunarpotti mætti áætla að mynd 59 gefi grófa mynd af því hvernig nettó pottastaða landshluta vegna 3. gr. gæti orðið eftir 15 ára tímabil<sup>37</sup>.

<sup>35</sup> Hér er gert er ráð fyrir að sveiflur verði í úthlutun aflamarks í tegundunum en að aflamark þeirra fari þó ekki yfir meðaltal síðustu 10 fiskveiðiára.

<sup>36</sup> Hér er vísað til málsgreina 7.- 12. í 3. grein laganna þar sem hlutfall aukningar aflamarks sem rennur í pottana er tiltekið og hvernig innbyrðis skipting þess aflamarks verður í hvern og einn pott.

<sup>37</sup> Hér er ákvæði 3. gr. um 15% skerðingu annarra tegunda tekið með, en sú skerðing rennur beint í leigupott sem ríkið hefur til umráða.



\* Nettó pottastaða: úthlutun úr pottum að frádrögnum afla sem rennur í pottana vegna skerðingar. Hér hefur verið g.r.f. skerðingu aflaheimilda sem renna í leiguhluta, en ekki er hægt að segja til um ráðstöfun úr þeim hluta. Þetta gætu orðið um 50 þús. þorskígildistonn, og útskýrir hvers vegna samanlögð nettópottstaða allra landshluta er ekki núll.  
Heimild: Fiskistofa, Hagstofa Íslands, skipaskrá sax.is & Greiningardeild Arion banka

*Hugsanlegur tilflutningur aflamarks milli landsvæða vegna 3. greinar:*

- Reykjanes gæti orðið fyrir hlutfallslega mestri skerðingu, þar á eftir Suðurland, höfuðborgarsvæðið, Austurland, Vesturland og Norðurland eystra, en þessir landshlutar fengju minna úr pottunum en þeir settu í þá.
- Norðurland vestra og Vestfirðir gætu fengið meiri aflaheimildir úr pottunum en þeir legðu til.


## Allir þurfa að leggja til aflaheimildir

### Úr 12. gr. þingskjals 1475 (stóra fiskveiðistjórnunarfrumvarpið)

...Aflamark veiðiskips á hverju fiskveiðiári, veiðitímabili eða vertíð ræðst af leyfðum heildarafla í viðkomandi tegund og hlutdeild skipsins í þeim heildarafla skv. 2. mgr. Þó skulu aflaheimildir sem ráðstafað er í tilteknum fisktegundum árlega til eflingar sjávarbyggðum skv. 14. gr., línúvilnunar skv. 15. gr. og strandveiða koma til frádráttar í aflamarki sömu tegunda hjá öllum veiðiskipum hlutfallslega miðað við hlut einstakra skipa í heildarúthlutun, reiknað í þorskígildum á grundvelli laga þessara og laga nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, með síðari breytingum. Ekki koma til frádráttar aflaheimildir sem renna frá aukningu til strandveiðihluta og byggðahluta skv. 3. gr. Skal miðað við samanlagða úthlutun í upphafi hvers fiskveiðiárs og síðustu heildarúthlutun í þeim tegundum sem ekki er úthlutað í upphafi fiskveiðiárs, miðað við þorskígildi við úthlutun.

Í 3. málsgrein 12. greinar frumvarpsins er að finna tillögu um að allir aflahlutdeildarhafar leggi til aflaheimildir til eflingar sjávarbyggðum m.v. þorskígildi þeirra í heildarúthlutun. Þær tegundir sem hafa verið nýttar til jöfnunaraðgerða, ívilnana og uppbóta eru þorskur, ýsa, ufsi og steinbítur, en fram að þessu hafa veiðiskip eingöngu þurft að leggja til aflaheimildir m.v. úthlutun þeirra í þessum fjórum tegundum. Í 12. grein er hins vegar

gert ráð fyrir að allir handhafar aflaheimilda leggi til í pottana en ekki aðeins þeir sem eiga í þessum fjórum tegundum. Mat greiningardeildar er að líkt og með 3. grein muni framkvæmd 12. greinar leiða til tilflutnings aflaheimilda milli landshluta. Gróft mat á mögulegum tilflutningi aflaheimilda vegna 12. greinar má finna á mynd 60.



Mynd 60

Heimild: Fiskistofa, Hagstofa Íslands, skipaskrá sax.is & Greiningardeild Arion banka


*Hugsanlegur tilflutningur aflamarks milli landshluta vegna 12. greinar<sup>38</sup>:*

- Austurland, höfuðborgarsvæðið og Suðurland auk Norðurlands eystra gætu orðið fyrir mestum neikvæðum áhrifum af ákvæðinu.
- Norðurland vestra gæti í heildina séð fengið uppbót vegna ákvæðisins, en Vesturland, Reykjanes og Vestfirðir gætu hagnast mest á breytingunni.

<sup>38</sup> Miðað við sömu úthlutun úr pottum og stuðst var við í kaflanum „Meiri afli í potta“ og skiptingu aflaheimilda eftir landshlutum á fiskveiðiárinu 2010/2011. Hér er átt við þá breytingu sem verður á nettó pottastöðu landshluta.

## Áhrif frumvarpsins á nettó pottastöðu

Á mynd 61 má sjá hvernig nettó pottastaða landshluta gæti breyst, miðað við tilgreindar forsendur, ef 3. og 12. greinar frumvarpsins yrðu samþykktar í óbreyttri mynd.



\*Hér er m.v. nettó pottstöðu vegna 3. gr. annars vegar og hins vegar breytingu á nettó pottstöðu skv. 12. gr. sem gæti orðið vegna breyttra reglna um hvernig útgerðir leggja í potta. Hér hefur verið g.r.f. skerðingu aflaheimilda sem renna í leiguhluta, en ekki er hægt að segja til um ráðstöfun úr þeim hluta. Þetta erum 50 þús. þorskiqildistonn, og útskýrir hvers vegna samanlögð nettó pottstaða allra landshluta er ekki núll.


Heimild: Fiskistofa, Hagstofa Íslands, skipaskrá sax.is & Greiningardeild Arion banka

## Reynsla af pottum

Stækkun potta og breytt fyrirkomulag þeirra vekur upp spurningar um hvort úthlutun úr pottum hafi skilað tilætluðum árangri á undanförunum árum, sem og áhrif pottanna á sjávarútveginn í heild sinni. Byggðakvótanum er t.a.m. úthlutað til eins árs í senn og því mikil óvissa sem fylgir þeim aflaheimildum. Því er ekki hægt að leggja að jöfnu aflaheimildir sem útgerðir eða byggðarlög verða af og síðan þær aflaheimildir sem þeim er endurúthlutað. Þeir landshlutar sem verða fyrir mikilli skerðingu munu ekki fá sama kvóta til baka. Aflamarkinu sem verður endurúthlutað er eingöngu úthlutað til skamms tíma og erfitt verður að tryggja rekstraröryggi þeirra útgerða sem kvótann fá. Þá er óljóst til hve langs tíma úthlutun úr leiguhlutanum verður. Útgerðir og byggðarlög sem hljóta úthlutun úr pottunum munu augljóslega finna minna fyrir skerðingunni en þau byggðarlög sem engan slíkan byggðakvóta fá, en ekki er hægt að horfa fram hjá því að skerðingin hefur áhrif á allar útgerðir.

Skipulag strandveiðanna, þar sem veiðar á takmörkuðum afla eru í raun frjálsar, mun leiða til þess að rentusókn eykst meðal strandveiðimanna. Rentusókn er einfaldlega keppni um að ná sem mestu af verðmætunum, en í tilfalli fiskveiða lýsir þetta sér í ólympískum veiðum. Segja má að þetta leiði til hreinnar sóunar bæði fyrir sjávarútveginn og hagarferið í heild sinni. Úthlutaður strandveiðikvóti hefur klárast að undanförunu - á fyrstu tveimur vikum mánaðarins á sumum svæðum og sum staðar á skemmri tíma. Með tíð og tíma eru líkur á að þessi tími muni styttest, þegar enn fleiri aðilar sækja í fiskinn. Samkeppni um takmarkaðan strandveiðiafla hefur áhrif á aflaverðmæti þar sem meiri áhersla er lögð á magn aflans fremur en gæði hans. Þá er erfiðara að koma strandveiðiaflanum á markað þar sem um tilfallandi afla er að ræða og því ekki hægt að semja um afhendingu hans fram í tímann.

Bent hefur verið á að arðsemi í strandveiðum sé talsvert minni en í smábátaútgerð en þó næg til þess að hvatning til að sækja í veiðarnar verður áfram umtalsverð. Þá var kvótakerfinu upphaflega komið á hér á landi til að koma í veg fyrir ólympískar veiðar sem ógna stærð fiskistofna og koma í veg fyrir hagkvæma nýtingu fiskimiðanna. Strandveiðarnar draga því úr þeirri hagkvæmni sem hefur áunnist frá því að núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi var komið á.<sup>39</sup> Á mynd 62 má sjá að á síðustu árum hefur fiskiskipaflotinn minnkað, og smábátum fækkað jafnt og þétt. Smærri bátum tók að fjölga á ný þegar strandveiðar voru leyfðar sumarið 2009.



Mynd 62  
Heimild: Hagstofa Íslands & Fiskistofa

<sup>39</sup> Sérfræðihópur (2011)

## Erfið staða nýliða

Nýliðar hafa átt erfitt uppdráttar í íslenskum sjávarútvegi hin síðustu ár. Þetta á þó ekki eingöngu við íslenskan sjávarútveg eða þessa einu atvinnugrein. Þegar aðgangur að atvinnugrein er takmarkaður eykst samkeppni milli fyrirtækja en með innleiðingu kvótakerfis er aðgangur að fiskveiðiauðlindinni takmarkaður. Í kjölfarið harðnar samkeppni milli útgerða þar sem fyrirtæki með litla arðsemi verða undir. Erfitt hefur verið fyrir nýliða í sjávarútvegi hér á landi að verða sér úti um aflaheimildir þar sem aðgöngumiðinn að auðlindinni er dýr. Erfiðleikar nýliða í sjávarútvegi stafa því fyrst og fremst af harðri samkeppni við reynslumeiri útgerðir og skorti á fjármagni: Aðgangshindranir eru inn í greinina og til útgerðanna er gerð há arðsemiskrafa<sup>40</sup>. Erfitt getur verið fyrir minni útgerðir að keppa við stærri fyrirtæki sem hefur nú þegar tekist að hagræða mikið í rekstri vegna samþættingar veiða og vinnslu og sjá jafnvel um sölu á eigin vörum.

Eitt af meginmarkmiðum frumvarpsins er að auðvelda nýliðun í íslenska kvótakerfinu og styðja betur við bakið á einstökum byggðarlögum. Nýliðun í greininni myndi auka fjölda smærri útgerða og draga úr aflaheimildum þeirra sem stærri eru. Að mati greiningardeildar eru margir þættir í frumvarpinu til þess fallnir að draga úr nýliðun í greininni. Bann við óbeinni veðsetningu aflaheimilda<sup>41</sup> mun koma einna helst niður á nýliðum í greininni. Þar sem núverandi veðsetningu mun ekki vera rift gæti bannið til að byrja með komið verst niður á aðilum sem hafa áhuga á því að koma inn í greinina þar sem aðgengi að lánsfé til að hefja rekstur verður erfiðara þegar óheimilt er að stofna til nýrra veðsamninga. Þá má finna undantekningu á veðsetningarbanninu í frumvarpinu en fyrirtækjum verður leyft að endurnýja núverandi lán sín með upphaflegri veðsetningu<sup>42</sup>. Þessi undantekning gæti orðið til þess að hvati skapast meðal útgerða sem nú þegar eru í greininni til að borga síður niður lán sín. Þar að auki gæti þetta haft áhrif á virði fyrirtækja sem eru mikið skuldsett og fá að endurnýja lán sín með veði í aflaheimildum. Fyrirtæki gætu séð sér hag í að komast yfir réttindi gjaldþrota eða mikið skuldsettra fyrirtækja til að endurnýja lán með veði í aflaheimildum. Þau fyrirtæki sem eru nú þegar í greininni geta nýtt sér undantekninguna sem finna má í málsliðnum, en nýliðar munu hins vegar standa höllum fæti gagnvart eldri útgerðum.

Strandveiði og leigupottar eiga að auðvelda aðgang nýliða að greininni en erfitt gæti verið fyrir nýliða að keppa við sjómenn sem hafa nú þegar afnot af bát til strandveiða. Þar að auki skapa strandveiðarnar eingöngu tímabundið starf yfir sumartímann. Leiguhlutinn gæti hins vegar auðveldað nýliðum aðgang að greininni en það veltur á því til hversu langs tíma aflaheimildir eru leigðar út. Ef aflaheimildir verða eingöngu leigðar út til eins árs í senn, líkt og með byggðakvótann, liggur fyrir að óvissa um rekstrarskilyrði fyrirtækja verður jafnmikil og meðal þeirra fyrirtækja sem treysta á byggðakvóta. Erfitt verður fyrir þessi fyrirtæki að fá lán til að hefja rekstur.

<sup>40</sup> Sérfræðihópur (2011)

<sup>41</sup> 8. gr. í tillögðu frumvarpi, eða þingskjali 1475.

<sup>42</sup> Í 4.mgr. 8.gr. er tekið fram að þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. sé „heimilt að veðsetja það skip eða fjárverðmæti, sem aflahlutdeild fiskiskips eða önnur réttindi á grundvelli samnings um nýtingarrétt aflahlutdeilda eru skráð á, til tryggingar skuld sem stofnað er til eftir gildistöku laga þessara að því skilyrði uppfylltu að sams konar veðsetning sama veðandlags að sömu eða hærri fjárhæð falli niður samhliða hinni nýju veðsetningu.“

## Framtíð íslensks sjávarútvegs

Sjávarútvegur skipar stóran sess innan íslensks hagkerfis en rannsóknir benda til þess að framlag sjávarútvegsklasans til landsframléiðslu sé um fjórðungur af heildarframléiðslu landsins. Sjávarútvegur hefur verið lífæð landsins í áratugi og í dag starfa um 15% af heildarvinnuafli landsins í sjávarútvegi eða geirum tengdum sjávarútvegi. Í kjölfar hrunsins hefur mörgum orðið ljóst hversu sterk stoð sjávarútvegurinn hefur verið fyrir íslenskt hagkerfi. Ef gangast á í umfangsmiklar breytingar á íslenska fiskveiðistjórnunarkerfinu er nauðsynlegt að taka mið af mögulegum áhrifum slíkra breytinga á greinina sjálfa sem og á íslenskt þjóðarþú.

Samþjöppun í sjávarútvegi hefur haft jákvæð áhrif á rekstur og framlegð greinarinnar. Þetta sést einna helst þegar skuldastaða stærri sjávarútvegsfyrirtækja er skoðuð miðað við hin fyrirtækin í greininni. Þróun síðustu ára hefur sýnt að möguleiki er á talsverðri stærðarhagkvæmni í fiskveiðum – og vinnslu meðal fyrirtækja sem eru enn að stækka og eru ekki komin í aflahlutdeildarhámarkið.

Að mati greiningardeildar getur hins vegar ekki talist skynsamlegt að ráðast í jafnmikla uppstokkun á fiskveiðistjórnunarkerfinu og fyrirhugað frumvarp leggur til. Ekki getur talist ásættanlegt fyrir jafn fjármagnsfreka grein og sjávarútveg að búa við þá óvissu sem frumvarpinu fylgir ná þá fram að ganga í óbreyttri mynd. Samningar um afnotarétt til ekki lengri tíma en frumvarpið gerir ráð fyrir og það að ráðherra áskilji sér þann rétt að breyta fyrirkomulagi veiðanna á samningstímanum gætu haft veruleg áhrif á framtíðaráform, fjárfestingar og rekstur fyrirtækja sem starfa í greininni. Ekki hefur náðst samstaða um framkomið frumvarp en mikilvægt er að sátt skapist um fiskveiðistjórnunarkerfið svo að aðilar innan greinarinnar þurfi ekki að óttast inngrip og breytingar á rekstrarumhverfi sínum á fjögurra ára fresti. Þá eru margar af tillögðum breytingum á núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi til þess fallnar að draga úr hagkvæmni þess.

Frá hagfræðilegu sjónarmiði er mikilvægt að fyrirtæki sjái sér hag í að fjárfesta í sjávarútvegi og að fyrirtæki geti fullnýtt getu sína til framléiðslu. Í því samhengi má benda á að mörg tilvik eru um að sjávarútvegsfyrirtæki hafi umframafkastagetu en geti ekki nýtt hana til fulls vegna takmarkana á hversu miklar aflaheimildir útgerð má hafa til umráða. Óhagkvæmni er fólgin í því að vélar og tæki séu ekki nýtt til fulls og húsnæði ekki nýtt sem skyldi. Aukin arðsemi skapaðist í sjávarútvegi á síðustu áratugum í kjölfar hagkvæmari nýtingar fiskveiðiauðlindarinnar og mun aukin óhagkvæmni í greininni því óhjákvæmilega draga úr mögulegri arðsemi. Þá er öll óvissa til þess fallin að draga úr fjárfestingu og ef fer sem horfir er sú hættu fyrir hendi að minna verði um fjárfestingar í sjávarútvegi á komandi árum.

Ráðstöfun hluta aflamarks í potta er til þess fallin að færa aflaheimildir milli landshluta. Að mati greiningardeildar fylgir stækkun potta aukin óvissa um rekstrarskilyrði útgerða, þar sem þeim aflaheimildum sem úthlutað er úr pottum verður líklega eingöngu úthlutað til eins árs í senn. Þá er sú hættu fyrir hendi að minni arðsemi í sjávarútvegi gæti orðið til þess að vítahringur skapast í fiskveiðum þar sem útgerðir verða háðar úthlutun úr pottum. Þetta gæti orðið til þess að þrýstingur í þá átt að auka við pottana skapist.

Ljóst er að margar byggðir á Íslandi hafa orðið af aflaheimildum á síðustu áratugum en mörg byggðarlög styðjast nú að einhverju leyti við byggðakvóta sem á m.a. að koma til



---

móts við slíkar sviptingar í sjávarútvegi. Að mati greiningardeildar væri e.t.v. skynsamlegra að styrkja byggðarlög með beinum styrkjum, í formi fjármagns, í stað þess að styðja við einstök byggðarlög með tilfærslu aflaheimilda milli svæða. Sveitafélög gætu þá ráðstafað slíkum styrkjum í starfsemi sem getur staðið undir sér til lengri tíma á svæðunum. Mikilvægt er að stuðningur við einstök byggðarlög leggist ekki einvörðungu á eina atvinnugrein, sjávarútveginn, eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu, einkum vegna þess að útlit er fyrir að heildaráhrif frumvarpsins muni hafa veruleg áhrif á hagnaðarmyndun og hagræðingu í greininni.

## Ýmis hugtök

**Aflaheimild:** Veiðiheimild. Oft notað sem samheiti aflamarks og aflahlutdeildar<sup>43</sup>. Gjarnan nefnt kvóti.

**Aflahlutdeild:** Úthlutun til skips af leyfðum heildarafla tegundar, þ.e. fast hlutfall af úthlutuðum heildarafla tegundar. Aflahlutdeild helst óbreytt milli ára<sup>44</sup>. Oft talað um aflahlutdeild sem hlutfall af heild (%).

**Aflamark:** Ræðst af leyfðum heildarafla viðkomandi tegundar og hlutdeild skips í þeim heildarafla. Oft er talað um aflamark í tonnum, þ.e. hversu mikið skip getur veitt í tonnum. Mögulegt hefur verið að leigja frá sér aflamarkið<sup>45</sup>. Skip sem er ekki handhafi aflahlutdeildar og fær því ekki úthlutað aflamarki getur leigt til sín aflamark ef það hefur veiðileyfi.

*Dæmi:* skip hefur x% hlutdeild í heildarafla í þorski og má því veiða y tonn af þorski.

*Dæmi:* skip hefur 0% hlutdeild í heildarafla í þorski en má leigja y tonn af þorski af skipi sem hefur aflamark í þorski til umráða vegna aflahlutdeildar sinnar.

**Botnfiskur/Bolfiskur:** Fisktegund sem heldur sig við hafsbotninn. Ýsa, þorskur, karfi, ufsi og grálúða eru dæmi um botnfiska.

**Fiskveiðiár:** 12 mánaða tímabil, frá 1. september til 31. ágúst<sup>46</sup>.

**Kvóti:** Aflaheimild, eða veiðiheimild.

**Lóðrétt samþætting:** Eitt fyrirtæki sér um mörg stig framleiðslu sem annars færi fram í mörgum fyrirtækjum.

**Ólympískar veiðar:** Veiðar þar sem heildarafli er takmarkaður en afli hvers báts ræðst fyrst og fremst af sókn.<sup>47</sup>

**Rentusókn:** (Hagfræðilegt hugtak) Kostnaður fellur til þegar aðilar keppast um að stækka hlut sinn í ákveðnum auð, sem nú þegar er til staðar, í stað þess að nýta kostnaðinn í skapa meiri auð. Þar sem kostnaður fellur til en enginn nýr auður skapast þá minnkar samanlagður auður samfélagsins.

**Uppsjávarfiskur:** Helstu tegundir uppsjávarfiska sem veiddir eru við Ísland eru kolmunnir, loðna, makrill og síld.

**Þorskígildi:** Notað til samanburðar á verðmæti nytjastofna í fiskveiðistjórnunarkerfinu. Þorskígildin eru reiknuð sem hlutfall verðmætis einstakra tegunda, sem sæta ákvörðun um stjórn veiða, af verðmæti slægðs (unnins) þorsks. Til grundvallar útreikningi liggur heildaraflamagn og heildarverðmæti þessara tegunda samkvæmt upplýsingum Fiskistofu<sup>48</sup>.

<sup>43</sup> Lög um stjórn fiskveiða 116/2006

<sup>44</sup> Lög um stjórn fiskveiða 116/2006

<sup>45</sup> Lög um stjórn fiskveiða 116/2006

<sup>46</sup> Lög um stjórn fiskveiða 116/2006

<sup>47</sup> Sérfræðihópur (2011)

<sup>48</sup> Lög um stjórn fiskveiða 116/2006

## Heimildir

Alþingi (2009). *Lög um umhverfis- og auðlindaskatta nr. 129/2009*. Sótt af heimasíðu Alþingis í júní 2011: <http://www.althingi.is/lagas/139a/2009129.html>

Alþingi (2011a). *Lög um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum (strandveiði, aflamark, samstarf, tekjur af veiðigjaldi, tímabundin ákvæði) nr. 70/2011*. Sótt af heimasíðu Alþingis í júní 2011: <http://www.althingi.is/altext/139/s/1804.html>

Alþingi (2011b). *Frumvarp til laga um stjórn fiskveiða þskj. 1475*. Sótt af heimasíðu Alþingis í júní 2011: <http://www.althingi.is/altext/139/s/1475.html>

Auðlindanefnd (2000). *Álitsgerð*. Sótt af heimasíðu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins í júní 2011: [http://www.sjavarutvegsraduneyti.is/media/2011/Skyrsla\\_Audlindanefndar\\_final.pdf](http://www.sjavarutvegsraduneyti.is/media/2011/Skyrsla_Audlindanefndar_final.pdf)

Búnaðarsamband Suðurlands (BSSL) (2011). Frétt: Skuldir kúabúa gríðarlega þungar. Sótt af heimasíðu BSSL í september 2011: <http://www.bssl.is/PrentaFrett.asp?aID=4240>

Bændasamtök Íslands (2011). *Verð á greiðslumarki*. Sótt af heimasíðu Bændasamtaka Íslands í september 2011: <http://www.bondi.is/pages/204>

Endurskoðunarnefnd fiskveiðistjórnunar (2001). *Álitsgerð*. Sótt af heimasíðu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins í júní 2011: [http://www.sjavarutvegsraduneyti.is/media/2011/endurskodunarn\\_fri.pdf](http://www.sjavarutvegsraduneyti.is/media/2011/endurskodunarn_fri.pdf)

Food and Agriculture Organization of the United Nations (FAO) (2011). *Species Fact Sheets: Gadus morhua*. Sótt af heimasíðu FAO í september 2011: <http://www.fao.org/fishery/species/2218/en>

Hafrannsóknarstofnun (2011). *Nytjastofnar sjávar 2010/2011. Aflahorfur fiskveiðiárið 2011/2012*. Sótt af heimasíðu Hafrannsóknarstofnunar í júní 2011: [http://www.hafro.is/Astand/2011/ASTANDSSKYRSLA\\_HAFRANNSOKNASTOFNUNARINNAR\\_2011.pdf](http://www.hafro.is/Astand/2011/ASTANDSSKYRSLA_HAFRANNSOKNASTOFNUNARINNAR_2011.pdf)

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands (2003). *The Role of the Fishing Industry in the Icelandic Economy. A historical Examination*. Sótt af heimasíðu Hagfræðistofnunar í júní 2011: <http://www.ioes.hi.is/publications/wp/w0307.pdf>

Linda B. Bryndísardóttir (2011). *Ekki er allt sem sýnist: Mat á þjóðhagslegri arðsemi sjávarútvegs*. Sótt af Skemmunni í júní 2011: <http://skemman.is/item/view/1946/8189>

Ríkisskattstjóri (2011). *Skattatölfræði: Álagning lögaðila*. Sótt af heimasíðu ríkisskattstjóra í september 2011: [www.rsk.is](http://www.rsk.is)

Scientific, Technical and Economic Committee for Fisheries (STECF) (2009). The 2009 Annual Economic Report on the European Fishing Fleet. European Commission Joint Research Centre. Luxembourg: Publications Office of the European Union.

Scientific, Technical and Economic Committee for Fisheries (STECF) (2010). The 2010 Annual Economic Report on the European Fishing Fleet. European Commission Joint Research Centre. Luxembourg: Publications Office of the European Union.

Seafood Source News (2011). Damanaki: „Sufficient fisheries data needed“. Sótt af heimasíðu Seafood Source News í júní 2011:  
<http://www.seafoodsource.com/newsarticledetail.aspx?id=10380>

Sérfræðihópur skipaður af sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (2011). *Greinargerð um hagræn áhrif af frumvarpi til nýrra laga um stjórn fiskveiða samkvæmt þingskjali 1475*. Sótt af heimasíðu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins í júní 2011:  
[http://www.sjavarutvegsraduneyti.is/media/2011/grg\\_hagraen\\_ahrif.pdf](http://www.sjavarutvegsraduneyti.is/media/2011/grg_hagraen_ahrif.pdf)

Sjávarútvegsráðuneytið (2004). *Frétt: Veiðigjald lagt á í fyrsta sinn*. Sótt af heimasíðu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins í júní 2011:  
<http://www.sjavarutvegsraduneyti.is/frettir/sjreldra/nr/833>

Sjávarútvegsráðuneytið (2011a). *Upplýsingaveita sjávarútvegsráðuneytisins*. Heimasíða:  
<http://old.fisheries.is/islenska/stjornun/stjornk.htm>

Sjávarútvegsráðuneytið (2011b). *Íslensk þýðing á spurningum og svörum um sjávarútveg í tengslum við aðildarumsókn Íslands að ESB*. Sótt af heimasíðu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins í júní 2011:  
[http://www.sjavarutvegsraduneyti.is/media/Skyrslur/ESB\\_sjavarutvegur\\_tyding.pdf](http://www.sjavarutvegsraduneyti.is/media/Skyrslur/ESB_sjavarutvegur_tyding.pdf)

Sjávarútvegsráðuneytið (2011c). *Frétt: Veiðigjald næsta árs verður 9,46 kr á hvert þorskígildiskíló*. Sótt af heimasíðu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins í júlí 2011: <http://www.sjavarutvegsraduneyti.is/frettir/frettatilkynningar/nr/10578>

Sjávarútvegsráðuneytið (2011d). *Frétt: Breyting á lögum um stjórn fiskveiða*. Sótt af heimasíðu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins í júní:  
<http://www.sjavarutvegsraduneyti.is/frettir/frettatilkynningar/nr/10531>

Utanríkisráðuneytið (2008). *Styrkjakerfi Evrópusambandsins í sjávarútvegi*. Sótt af heimasíðu utanríkisráðuneytisins í júní 2011: <http://bit.ly/oNZjxM>

#### Gögn:

Ársreikningar fyrirtækja

Fiskeridirektoratet: [www.fiskeridir.no](http://www.fiskeridir.no)

Fiskistofa: [www.fiskistofa.is](http://www.fiskistofa.is)

Hagstofa: [www.hagstofa.is](http://www.hagstofa.is)

Skipaskrá: [www.sax.is](http://www.sax.is)

Statistics Norway: [www.ssb.no](http://www.ssb.no)

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands

Seðlabanki Íslands